

Allt að breytast. Drottinn fer að koma

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Margt í veröldinni er breytt. Þeir sem eru orðnir fullorðnir, aldrað fólk á Íslandi í dag, þekkja fátt úr æsku sinni þegar þetta fólk horfir yfir sviðið í þéttbýlinu. Allar gömlu þúfurnar, hólarnir og hæðirnar sem blasti við æskuárunum og menn hlupu um sem börn og unglingar í allskonar leikjum og ærslum æskunnar er farið og annaðhvort vegir komnir þarna í staðinn eða byggingar. Nema hvortveggja sé. Slíkar eru breytingarnar á öllu umhverfi mannsins á tiltölulega skömmum tíma. Allt er enda breytingum háð. Nema vitaskuld eitt! Jesús Kristur:

„ Ég segi: Guð minn, tak mig eigi burt á miðri ævinni. Ár þín vara frá kyni til kyns. Í öndverðu grundvallaðir þú jörðina, og himnarnir eru verk handa þinna. Þeir líða undir lok, en þú varir. Þeir fyrnast sem fat, þú skiptir þeim sem klæðum, og þeir hverfa. En þú ert hinn sami, og þín ár fá engan enda. „ (Sálm 102:25-28)

Ekkert breytist hjá Drottni. Allt hjá honum göngum við að vísu hvort sem við erum ung eða gömlu og höfum lengi gengið með Drottni eða aðeins í skamma stund. Allt er á sínum stað. Byggt á kletti aldanna, klárt og tilbúið til notkunar hvenær sem á þarf að halda og má verða til blessunar öllu fólki. Að vilja halda í eitthvað er ágætt. Þetta geta menn í Kristi.

Sjáið til að mynda hringlandaháttinn í kringum lagasetninguna og hvernig endalaust er verið að staga í göt á lögunum til að þau verði þéttari og haldi betur. Vandamálið þar er að ætíð rísa upp menn og konur sem reyna að sveigja þessi sömu lög og smeygja sér framhjá þeim til að getað haldið leik áfram. Sem oftast er ekki er þá ljótur leikur sem illa þolir dagsbirtuna. Og þá fer löggjafarvaldið af stað með viðgerðarefni sem talin eru duga. Samt koma fram smugur til að smeygja sér í gegn. Menn finna sér endalaust leið sé ásetningurinn til staðar sem knýja menn til óheiðarleika.

Svona er lífið jörðinni og hefur lengi verið. Í heiminum býr óréttlæti sem birtist okkur í margskonar myndum. Réttlæti Guðs nær ekki framgangi sínum og frelsarinn eignast ekki hjarta sérhvers manns og hvernar konu í veröldinni. Of fáir menn ganga Drottni og hönd. Þeir sem ekki koma halda þá áfram að bæta gráu ofan á svart í sínu eigin lífi og lífi margra annarra og fá að launum hvern skafllinn af öðrum og skilja ekki neitt í neinu hví þeir lendi í öllum þessum ósköpum. Allt afskaplega óheppilegt, óþægilegt og heilsuspillandi sem kann ekki góðri lukku að stýra fyrir nokkurn mann en gerist vegna þess að réttlæti Guðs er ekki sinnt né neitt með það gert. Því miður.

Réttlæti Guðs er nefnilega alvöru réttlæti sem allir sem eftir fara njóta góðs af. Drottinn veit hvað hann syngur og hvernig laglínan skuli sungin og með hana farið svo fegurðin komi fram og fái blessað þá sem heyra. Ef verk manna blessa ekki eru þau ekki af Guði fædd:

„ Hinn ranglátí haldi áfram að fremja ranglæti og hinn saurugi saurgi sig áfram og hinn réttlæti stundi áfram réttlæti og hinn heilagi helgist áfram. „ (Opb 22:11)

Hér er okkur boðið að velja og spyrja okkur sjálf hvernig lífi við viljum lifa. Í gegndarlausri spillingu þar sem ósóminn á heima og synd hleðst ofan á synd og býr til úldið og morkið fjall, eða í réttlæti Drottins þar sem friðurinn ríkir og frelsið og sannleikurinn eru saman öllum stundum og fegurðin blasir við hvert sem lítið er.

Bræður og systur! Við höfum val og erum skyni gæddar verur og getum tekið ákvarðanir og markað stefnuna fyrir okkar eigið líf. Kristur býðst til að leiða og fara fyrir, vernda og verja. Til þess að

slíkt verði að ápreifanlegri staðreynd í okkar lífi þarf jáyrði að koma til og að berast út um munn okkar og til hans sem kann og getur Jesú.

Eitt hundrað ár í sögu þjóðar er ekki langur tími. Sannleikurinn er að á eitt hundrað árum hefur mikið vatn til sjávar runnið á Íslandi. Þjóðin hefur breyst úr því að vera fyrst og fremst fiskveiði- og landbúnaðarþjóð yfir í stórtæka iðnaðarframleiðslu, stóreflis raforkuframleiðanda og allskonar verslunarstarfsemi, ferðamannaþjónustu sem engum hér áður fyrr grunaði að nokkur myndi einu sinni leiða hugann að hvað þá heldur að framkvæma á þessu landi vinda og veðra, rigninga og sólskins og allt kannski á sama sólahring. Annað kom á daginn. Og svona bara er þróunin, hvort sem mönnum líkar hún vel eða illa. Okkar er að spila eins vel úr þessu og við mögulega getum.

Líka þess vegna biðjum við látlaust og óhikað fyrir ríkinu, valdsmönnum, ríkisstjórn og landi voru og þjóð. Bænin ryður veginn og hindrar óæskileg öfl í að ná hér fótfestu. Nóg er af slíku og margt í farvatninu sem þarf að hafa gætur á og líta á í fullri alvöru til að óhreinindin nái hér ekki fótfestu og geti hreiðrað um sig.

Höfundur hyggur að fyrir eitt hundrað og fimmtíu árum hafi engir bílar verið til í heiminum og engin vélknúin tæki enn kominn til sögunnar. Nema þá kannski í kalli manna og hugsanlega líka einhver drög til á teikniborði. Allt samt getgátur.

Í dag er ástandið þannig að vélar og tæki sem menn brúka og öllum finnst sjálfsagt og eðlilegt að hafa undir höndum og nota valda óskunda á umhverfinu og gerir að verkum að til er mengun svo slæm að mannum hreinlega stafar hætta af henni, og hefur reyndar lengi gert. Allt vegna þess að maðurinn sér ekki lengra en nef hans nær og veit ekki hvaða afleiðingar þetta eða hitt verkið hefur inn í framtíðinni, sem allt stefnir þó til og verður ekki undan komist. Allt sem hér er stefnir inn í framtíðina og lifir með framtíðinni uns eyðingaröflunum tekst sitt ætlunarverk. Framtíðin er framundan hverjum manni.

Hvað er mengun og afleiðingar mengunar annað en verk manna sem þutu af stað og sáu stórar fjárupphæðir renna sér í skaut af sinni frábæru uppgötvun, ekki vantar það, sem afkomendurnir þurftu svo að glíma við af fullum þunga? Menn hafa sjálfir búið hér til aðstæður sem engum óraði áður fyrir að ættu eftir að koma upp og var ekki svo mikið sem til í hjarta nokkurs manns fyrr heldur en viska mannsins og á settum tíma greip inn í hringrás náttúrunnar með ýmiskonar uppfinningum sem urðu að veruleika og reykspúandi strompar risaverksmiðja og púströr bifreiða, flugvéla og skipa blésu út efnunum sem við í dag köllum mengun. Þægilega lífið sem við á vesturhveli jarðar njótum og búum við hefur verið dýru verði keypt sem engin þrætir fyrir. Og hvers vegna halda menn annars loftlagsráðstefnur og fara mikinn á þessum ráðstefnum nema af því einu að þeir horfa framan í vandamál svo stórt að mönnum hreinlega fallast hendur þegar kemur að því að gera eitthvað róttækt?

Öll minnkun á mengun og mengandi verksmiðjum, að dæmi sé tekið, kallar enda á stóreflis atvinnuleysi, minni tekjur til ríkja í formi skatttekna og allskonar svoleiðis hluta sem engin vill hafa í sínu húsi. Menn eru á ákveðin hátt upp við vegg.

Einstaklingurinn sem fann upp bensínhreyfilinn og bílvélina hugsaði ekki út í það að í framtíðinni yrði um stórkostlegt vandamál að ræða af hugmynd hans og uppfinningu og svo framleiðslu sem mundi birtast komandi kynslóðum í þynningu Ósónlagsins sem öndvert skaðar lífríki jarðar og skilyrði mannsins til lífs. En þessi staðreynd blasir nú við vegna vélarinnar og ýmissa annarra þátta sem notaðir eru en mönnum yfirsást og leiddu ekki hugann að er af stað var farið. Vandamálið óx hratt og varð að virkilegu og risavöxnu vandamáli þegar bifreiðarnar taka að lækka í verði og fjöldaframleiðsla hefst á þessu frábæra tæki bifreiðinni. Hver efast um notagildi bifreiðarinnar? Fjöldaframleiðslan þarna gerði öllum almenningi kleyft að eignast og reka skammlaust sína eigin bifreið. Vissulega eru það forréttindi að lifa við núverandi aðstæður með öllu sem við höfum aðgang að. Hinu er samt ekki að neita að þægindin kosta mikið, ekki bara fjárhagslega heldur líka, og ekki síst, í óþverranum sem af þægindunum hafa hlotist. Á aðeins fáeinum árum margfaldaðist

bifreiðaeign manna í heiminum. Vandinn hins vegar kom smá saman ljós af öllum þessum bílafloða og notkun véla almennt og gríðarlegum útblæstrinum sem fyllti loftið af óæskilegum efnum sem stigu til himins og blandaðist skýjunum sem skiluðu þessu svo niður að einhverju leiti í formi regns. Og margt, margt fleira gerum við sem raunverulega kemur gegn okkur sjálfum. Svo einkennilegt sem það nú er:

„ Svo segir Drottinn allsherjar: Verið hughraustir, þér sem á þessum dögum heyrði þessi orð af munni spámanna, sem uppi voru, er undirstöðusteinninn var lagður til þess að endurreisa hús Drottins allsherjar, musterið. Því að fyrir þann tíma varð enginn arður af erfiði manna og enginn arður af vinnu skepnanna, og enginn var óhultur fyrir óvinum, hvort heldur hann gekk út eða kom heim, og ég hleypti öllum mönnum upp, hverjum á móti öðrum. En nú stand ég öðruvísi gagnvart leifum þessa lýðs en í fyrri daga segir Drottinn allsherjar „
(Sak 8:9-11)

Já bræður og systur! Enn er von og hún eins og áður býr öll í honum sem fórnað var fyrir synd lýðsins og sigraði dauðann í eitt skipti fyrir öll og heitir Jesú. Fyrir kristin, endurfæddan mann, er ekkert að óttast. Eina sem þarf er að halda sér þétt upp við Drottinn og standa á Orði hans og fyrirheitum sem rituð eru í helgri bók og ætlað hverjum sem er og engin undanskilin. Þegar menn vilja ekki fara leiðina með Drottni sínum og frelsara heldur brúka mannlegu viskuna áfram er ekki von á farsælum lausnum. Þær væru þá komnar því að mengunarvandamálið hefur lengi verið mönnum ljóst. Enda borðleggjandi dæmi. Mannkynið hefur leið í Jesú en líka sitt sjálfstæða val. Sem oftast er ekki er hindrun á leiðinni. Menn hreinlega koma ekki auga á lausnirnar sem Drottinn er með. Eru þeir enda ekki að leita ráða hans. Og vita sérfræðingarnir þetta ekki betur öðrum mönnum:?

„ Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þér hreinsið bikarinn og diskinn utan, en innan eru þeir fullir yfirgangs og óhófs. Blindi farisei, hreinsaðu fyrst bikarinn innan, að hann verði líka hreinn að utan. „ (Matt 23:25-26)

Pólitík er hluti af kerfi mannsins á jörðinni. Og pólitíkin er kominn til að vera. Það er ljóst. Hinar ýmsu pólitísku stefnur sem hér hafa verið og ýmist komið og farið hafa allar byggt á raunverulega sama grunni. Að byggja hér upp fyrrimyndarríki og Guðsríki á jörð með réttlæti, samvinnu og friði. Einn hængur er þarna á. Og hann er að fæstar af þessum pólitísku stefnum vilja beina þátttöku Drottins. Hugsanlega má Drottinn vera þarna, þá sem áhorfandi, en án heimildar til beinna inngrípa í málefni. Sumar pólitískar stefnur hreinlega banna Drottinn og hafa flestar, ef ekki allar sem slíkt gera, innleitt hörmungar inn í lönd sín að hroðalegt er. Allir flokkar, hver sem er, vilja í raun og veru þetta. Það er Guðsríkið. Slíkt getur vitaskuld ekki gerst fái Drottinn ekki yfirstjórnina. Hann er höfundurinn og lætur völd sín ekki yfir til nokkurs manns eða afls í heiminum. Línurnar hjá honum eru hreinar, tærar og skírar. Maðurinn beygir sig undir vilja Drottins eða fer sinn eigin veg. Málið er útrætt og ekkert meira um það að segja. Undir vilja Drottins fæðist Guðsríkið og þá innra með hverjum einstaklingi fyrir sig. Um endurfæddan mann má segja um að sé gangandi Guðsríki með þá ábyrgð að opinbera þá þetta ríki með hegðun sinni, orðavali og allri breytni. Gott, fagurt og fullkomið.

Hér kemur til kasta Drottins sjálfs. Án hans atbeina er ekkert Guðsríki. Réttlæti Guðs er heila málið. Þangað til vilji Drottins tekur yfir verður hér áfram spilling og óstöðugleiki í margskonar myndum sem opinberast fólkinu í mörgum skökkum og hallandi myndum hangandi upp um alla vegg og gerir mörgum mannum og konunni áfram lífið leitt og gefur blessuðu fólkinu svefnlausar nætur til viðbótar öllum hinum svefnlausu nóttunum.

Í þúsund ára ríkinu sem Biblían boðar verður Drottinn sjálfur við völd og heldur sjálfur um alla stjórnartauma. Engir samningar við nokkurn mann. Engar eftirgjafir á kærleika og elsku Föðursins né Orðum hans. Allur vilji Drottinn kemur fram og til verður friðarríki sem allir menn vildu hér

hafa. Þetta tímabil verður tímabil friðar og festu þar sem ekkert illt fær komist að nokkurri manneskju. Ástæðan fyrir því að svo verður í pottinn búið er að hann sem ófriðnum veldur og viðheldur ófrið á meðal manna Satan verður tekin höndum og færður í fjötra og lokaður inni í þessi þúsund ár og gerður óvirkur. Við sjáum nú hvar vandinn liggur. Hann á rætur sínar að rekja til Aldingarðsins Eden þar sem skilningstré Góðs og Ills var gróðursett og staðurinn sem syndafallið gerðist á:

„ Nú sá ég engil stíga niður af himni. Hann hélt á lykli undirdjúpsins og stórum fjötri í hendi sér. Og hann tók drekkann, þann gamla höggorm, sem er djöfull og Satan, og batt hann um þúsund ár. Hann kastaði honum í undirdjúpið og læsti og setti innsigli yfir, svo að hann leiddi ekki framur þjóðirnar afvega, allt til þess er fullnuðust þúsund árin. Eftir það á hann að vera leystur um stuttan tíma. „ (Opb 20:1-3)

En þetta er ekki ennþá orðið að veruleika og ódámurinn gengur ennþá laus og afvegaleiðandi fólk og blekkjandi það til fylgis við sig og sín bolabrögð sem sífellt gerast alvarlegri og ofbeldis fyllri. Allt veldi Satans er viðhaldið og nært af syndinni og stjórnað með óttan að vopni sem um leið er svipa á varnarlaust fólk. Mikill ótti er í fólkum í dag. Ótti um skort, um heilsuþrest, dauðsfall í fjölskyldunni, um atvinnumissi, um svo margt.

En Drottinn segir: „ Óttist ekki. „

Súrt regn var óþekkt fyrir tæknibyltinguna en er á hvers manns vörum í dag. Sama gildir um menguð vötn og mengaðar ár. Fiskdauði er algengur í vötnum vegna mengunar sem berst úr landi í þessi vötn. Mengun er oftast nær af mannavöldum en sjaldnast af náttúrlegum orsökum. Slíkt er þó mögulegt undir ákveðnum en sjaldgæfum kringumstæðum. Drykkjarvatnið er víða óbrúklegt og menn neyðast til að kaupa sér vatn á flöskum til að fá svalað þorsta sínum. Af þessu koma svo allskonar sjúkdómar sem gera að verkum að heilbrigðiskerfi landanna soga til sín æ meira fjármagn til að anna þörfinni og halda fólkinu hraustu. Að heilbrigðikerfið skulu þurfa nærri helming þjóðartekna ríkja er ekki gott ástand en sannar vitaskuld best hvað við er að eiga og í hvað stefnir:

„ Frá þrettánda ríkisári Jósía Amónssonar, Júdakonungs, og fram á þennan dag, nú í tuttugu og þrjú ár, hefir orð Drottins komið til mín og ég hefi talað til yðar seint og snemma, en þér hafið ekki heyrt. Og Drottinn hefir sent til yðar alla þjóna sína, spámennina, bæði seint og snemma, en þér hafið ekki heyrt, né heldur lagt við eyrun til þess að heyra. Hann sagði: Snúið yður, hver og einn frá sínum vonda vegi og frá yðar vondu verkum, þá skuluð þér búa kyrrir í landinu, sem Drottinn gaf yður og feðrum yðar, frá eilífu til eilífar. En eltið ekki aðra guði til þess að þjóna þeim og falla fram fyrir þeim, og egnið mig ekki til reiði með handaverkum yðar, svo að ég láti yður ekkert bül að höndum bera. „ (Jer 25:3-6)

Hér segir Drottinn okkur berum orðum að hann vilji bera okkur og annast frá vöggum til grafar. En til þess að svo geti orðið þarf maðurinn sjálfur að velja þessa leið. Að öðrum kosti getur ekki af henni orðið. Og allt slíkt er mannum tjón. Og tjón hefur orðið í þessum heimi fyrst og fremst vegna Guðleysis hans. Engin önnur ástæða er fyrir hörmungunum í heiminum þegar allt verður gert upp við lok tímanna þegar nýr himinn og ný jörð verða til. Eins og Guðsorð talar um. Og Guðsorð segir fólkum sannleikann og bara sannleikann. Guði sé lof fyrir það að fólk skuli enn hafa aðgang að því sem er satt og rétt.

Menn sem fæddir eru um miðja tuttugustu öld eins og höfundur hafa líka lifað gríðarlegar breytingar á umhverfinu og þar sem áður var bert hraunið með sínum klettum og gjótum, fiskhjöllum og kartöflugörðum og kofum, eru komin háreist hús og stór hverfi sem margir búa í. Og allar götur orðnar malbikaðar sem fyrir fimmtíu árum var svo til óþekkt fyrirbrigði í landinu. Nema kannski í höfuðborginni Reykjavík.

Allir þessi hraði á öllum sköpuðum hlutum er umhugsunarverður. Skip stoppa æ skemur í höfnum og allt gert til að uppskipun og lestunn gangi sem fljótast og hraðast fyrir sig. Fragtskipasjómenn vorir standa með endanna í höndunum í tíma og ótíma, ýmist að hala þá um borð eða renna þeim í land til að binda sitt skip við bryggjuna svo hægt sé að byrja að losa eða lesta. Allt á fleygiferð og allur tími orðið mældur í peningum og afkomu af bindisklæddu fólki í landi sem segir: „Áfram, áfram. Hraðar, hraðar. Fulla inngjöf. Tíminn eru peningar.“ – Engin tími til að sinna mannlegum samskiptum sem öndvert birtist í óæskilegri hegðun svo margra.

Fyrir fimmtíu árum, að ekki sé farið lengra aftur í tímann, var ekki óalgengt að flutningaskip lægju tvo, þrjá daga við bryggju til að mynda í heimahöfn, segjum Reykjavík, á meðan lestarnar voru tæmdar og varningurinn fluttur um borð sem flytja átti hvort sem var til erlendra hafna eða hafna á Íslandi. Allt var mun hægara og svifaseinna en nú gerist og lífið um borð svona mannvænlegra að mörgu leiti þegar menn gátu meira svona um frjálst höfuð strokið og ekki eins mikill asi á öllu eins og nú er.

Timbur sem kom til landsins var flutt laust og þurfti að taka hverja spýtu fyrir sig og setja í heys, eins og kallað var, sem voru tvær kaðal stroffur með ákveðnum millibili sem hífðar voru í land með sínum þunga í þegar nægilegt magn af timbri var komið í þær og öllu slakað niður á vörubílspall. Þetta er sem kunnugt er liðin tíð og allt sett inn í gáma sem taka mikið magn og risastórir og geisi öflugir kranar standa á bryggjunni sem taka á þessum gámum og koma á land. Hraðinn er málið. Engin getur beðið stundinni lengur.

Allir þekkja auða svæðið í byggðinni sem skömmu síðar var orðið fullbyggt með malbikuðum götum á sem reis á undraverðum hraða og bílar komnir fyrir utan hvert hús sem bendir til að þar búi fólk.

Hraðinn bræður og systur er orðin slíkur að menn hreinlega geta ekki orðið fylgst með öllum breytingunum í kringum sig. Maðurinn ræður ekki við svo mikinn hraða og kemur fram í allskonar andlegum sjúkdómum.

En hverju sætir þetta og hví skildi hraðinn vera svo mikill. Svárið er að Drottinn fer að koma en áður en það gerist þarf hér ýmislegt fyrst að ganga í uppfyllingu samkvæmt Orði Guðs. Drottinn segir okkur ekki tímann né stundina en gefur okkur ýmis tákni í umhverfinu til að lesa í og miða við.

Lifið heil í Jesú nafni. Amen.

Fylgjum leiðbeiningum Orðsins.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Á ýmsu gengur í heimi hér. Ráðleysi er mikið og menn horfa upp á náttúruna ygla sig framan í sig án þess að geta gert nokkurn skapaðan hlut til að breyta því. Það er að vísu ekki alveg rétt að ekkert sé hægt að gera. Samt er ljóst að maðurinn getur það ekki og hefur engin ráð til þess. Menn gleyma því nefnilega svo oft að þeir hafa fullan aðgang að Guði sem heyrir bænir og hefur allt vald hjá sér og grípur í taumanna þegar honum berst slík beiðni frá biðjandi, iðrandi hjarta á jörðinni sem stynur upp sinni bæn í auðmýkt og lítillæti andspænis þessum krafti sem Drottinn Jesú er. Bæn frá einni manneskju gerir kraftaverkið mögulegt vegna þess fyrst og fremst að Drottinn rís úr sæti sínu á himnum við bænakvak manneskju. Hverrar sem er. Drottinn elskar að heyra bænakvakið. Og maðurinn gerir sér grein fyrir eigin smæð en mikilleika Drottins.

Engin bæn, ekkert gerist og vitleysan fær sitt svigrúm til að haldast við. Svona virkar þetta. Sé Drottinn settur út í horn bergja menn ítrekað á beiskum bikar vonbrigða og ósigra.

Hvert sem litið er blasir við upplausnarástand. Mennt vita nú að fjármálkerfunum er ekki treystandi og að þau hrynja eins og spilaborg yfir menn og málefni og skilja eftir sig auða jörð sem rýkur af og fullt af fólki sem misst hefur allt sitt sem það treysti á. Annað kom á daginn og fólk sér nú að uppsveiflan, svingið, og allt fjörið var skammgóður vermir með gríðarlegan eftirmála. Eins og dansinn í kringum gullkálfinn ávallt er. Ekkert samfélag né heldur einstaklingur þolir slíkan dans til lengdar. Honum hlýtur því að ljúka og afleiðingarnar af honum taka við og oftast nær alvarlegar. Svona er sagan skráð. Sagan skrökvar ekki. En hve margir læra af sögunni? Miðað við endurtekningarnar í lífinu og sömu mistökun gerð aftur og ítrekað er lærdómurinn ekki mikill að séð verður. Sem er vitaskuld miður en þarf samt ekki að vera svona:

„ **Streist þú ekki við að verða ríkur, hættu að verja viti þínu til þess. Hvort skulu augu þín hvarfla til auðsins, sem er svo stopull? Því að sannlega gjörir hann sér vængi eins og örn, sem flýgur til himins.** „ (Orðsk 23:4-5)

Hér er vitnað í hina stórmerkilegu Orðskviði sem eignaðir eru Salómon konungi sem var þriðji konungur í Ísrael. Á undan Salómoni ríktu þeir Sál og svo Davíð, sem gat Salómon með Betsebu. Salómon var uppi eitt þúsund árum fyrir Krist burð. Orðskviðirnir og kennslan sem þar er kennd hefur sem sjá má fylgt mannkyni allengi og þá líka þessi ritningavers sem við vitnuðum í hér ofar. Þar varar höfundur manninginn við að horfa um of á auðinn og segir honum að gæta sína á að láta hann ekki villa sér sýn. Penningum fylgja ekki bara áhrif heldur vekja þeir líka girnd með manningnum sem er öllu háskalegri. Af öllu þessu leiðir svo spilling sem engu eyrir en skemmir margt í manningnum samfélögum. Girndin, knúin áfram af spilltu hjarta og menguðum huga hefur alla burði til að stækka og hreiðra um sig og festa sig við manninginn að engin leið er til að losna undan þessu fyrir en allt er komið í kalda kol og hlydýpið eitt blasir við. Fylgifiskur girndarinnar er blinda sem hreinlega slær manninginn út af laginu og firrir hann viti uggi hann ekki að sér í tæka tíð. Lengi má þó rumska af dvalanum og vakna til meðvitundar um hvað sé að gerast hjá sér. En einnig það getur orðið of seint. Eins og því miður dæmin of oft sanna.

Hvað vill þetta þá kenna okkur? Jú, menn skildu stíga skrefin sín gætilega og vita á hverjum tíma hvert stefnir hjá sér.

Þessir ritningarstaðir eru dregnir fram til að sýna mönnum að til er viska og haldgóð kennsla í þessum heimi um áhrif peningana á hjartað og allt umhverfi manneskjunnar, og það í þrjú þúsund ár. Og þrjú þúsund ár er langur tími.

Hve margir eru ekki fastir í viðjum skulda og komast raunverulega hvorki lönd né strönd? Og við erum að tala um daginn í dag. Núna. Hver skildi svo munurinn vera á fólki sem er skuldugt upp fyrir höfuð og fjötrað og bundið af sínum skuldum og manneskju læstri á bak við lás og slá í svartholi og tekur út sinn dóm? Í sjálfu sér er hann hverfandi. Skuldugur maður með mikil vanskil á sér hefur ekki í mörg hús að vanda og getur ekki um frjálst höfuð strokið fyrir heldur en skuldastaðan hefur breyst og skikk komið á þessar skuldir. Samviska hans nagar hann stöðugt og honum líður illa vegna þess að hann getur ekki staðið í skilum og hefur enga möguleika þarna vegna upphæðanna sem við blasa og hann stendur í raun ráðalaus gegn. Slík staða gildir fyrir margt fólk og hefur gert á öllum tímum. Einkum og sérilagi á síðari tímum eftir að freistingarnar urðu svo margar með aukinni framleiðslu þar sem annar hver maður í heiminum er að selja eitthvað hvort sem hluturinn er gagnlegur eða ekki. Nútíminn er einfaldlega einkennilegur að þessu leiti með alla þessa framleiðslu út um allar trissur sem menn vilja koma í verð og jafnvel hafa sitt lífibrauð af. Af þessu lætur fjöldi manns svo freistast og tekur fram kreditkortinu sitt og verslar á raðgreiðslum sem þarf að borga um hver mánaðarmót og bætist þá við það sem fyrir er í skuldamálu á þess að laun né kaupmáttur aukist sem þessu nemur. En þetta tvennt þarf að haldast í hendur eigi endar að nást saman og mál að

enda á farsælum nótum. Og af því að manneskjan sér ekki fram á að geta staðið við sitt byrja áhyggjurnar að koma og draga allan þrótt úr fólki og við tekur ástand sem ekki er gott fyrir nokkurn mann. Og hvað er það annað en fangelsi þegar svo er komið? Allir sem vita viðurkenna að slíkt ástand er óásættanleg staða.

Rétt er það að í flestum tilvikum er um sjálfskaparvíti að ræða, en samt ekki í öllum tilvikum. Eins og þegar menn lána nafn sitt í góðri trú sem ábyrgðarmenn og þeir sem lánin tóku stóðu ekki við sitt og allt féll ábyrgðarmennina. En jafnvel það breytir ekki hinu að skuldugt fólk er læst og fjötrað, vansvefta og fullt af áhyggjum og volæði vegna stöðunnar. Allt fyrir þær sakir að bók bókanna er ekki opnuð né heldur það virt sem hún hefur að segja um málefni:

„ Legg eigi lag þitt við reidigjarnan mann og haf eigi umgengni við fauta, til þess að þú venjist eigi á háttsemi hans og sækir snöru fyrir líf þitt. Ver þú ekki meðal þeirra, er ganga til handsala, meðal þeirra, er ganga í ábyrgð fyrir skuldum, því þegar þú ekkert hefir að borga með, viltu þá láta taka sængina undan þér? (Orðsk 22:24-27)

Aftur er vitnað í þrjú þúsund ára gömul spakmæli sem gilda fyrir daginn í dag og menn hafa haft aðgang að og getað gengið út á til vorra tíma. Hver viðurkennir ekki réttmæti þessara orða og vita að hver sem fer eftir þessu er réttu megin í lífinu og gengur í skjóli af vali sínu um að ganga ekki til slíkrar ábyrgðar. Ljóst er að slíkur maður fríar sjálfan sig af mæðu og magaverkjum vegna skulda annarra manna? Dæmið er alveg borðleggjandi og útkoman verður ekki misskilin.

Við sjáum að Biblían hefur allt fyrir manninn. Mannsins er að trúa og treysta því sem þar er ritað og vita að Biblían er besta leiðsögubók allra manna sem leiðir þá um farsælar brautir: „ **því þegar þú ekkert hefir að borga með, viltu þá láta taka sængina undan þér.** „ - Hér benda Orðskviðirnir okkur á gjaldþrot sem til að mynda ábyrgðin leiddi hann sem veitti ábyrgðina í en vill vara við. Manna hins vegar er að lesa Orðið, fara eftir þeim, virða og stíga skrefin þangað sem þau benda.

Nú, svo getur fólk vitaskuld líka hafnað þessu. Að hafna Orðum ritningarinnar breytir ekki gangsemi þeirra. Þau standa áfram fyrir sínu. Sannleikurinn sigrar allt og reynir að beina mönnum inn á veg visku og réttar þekkingar. Og til að forðast allar ófærur og torfærur í fjármálum segja Orðin í Orðskviðunum fólki hreinlega að láta allt svona eiga sig og snúa sér heldur til Drottins sem mun annast um allar þarfir mannsins og hefur skuldbundið sig til þess arna:

„ Munu eigi allir þessir kveða um hann háðkvæði og nið, gátur um hann? Menn munu segja: Vei þeim, sem rakar saman annarra fé hversu lengi? og hleður á sig pantteknum munum. Munu eigi lánsalar þínir skyndilega upp rísa og þeir vakna, er að þér munu þrengja? Þá munt þú verða herfang þeirra. „ (Hab 2:6-7)

Hér er örlítið komið inn á hvað gerist hjá skuldugum manni sem misst hefur fótanna og beðið ósigur fyrir sínum skuldum og í raun bent á þetta fangelsi sem skuldarinn hafnar í og hér hefur verið bent á. Hvort sem fangelsið er andlegt eða raunverulegt svarthol með rimlum og vörðum og skuldin tilkominn af fégræðgi, girnd og óheiðarlegu viðhorfi til peninga og öflunar þeirra eða af góðum og einlægum ásetningi. Líkt og flestar skuldir eru tilkomnar. En stundum, reyndar alloft, fara mál öðruvísi en lagt var upp með. Og gerist það af þeirri einföldu ástæðu að menn vita ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sínu né heldur hvernig fjarhagsleg stað sín verður eftir, segjum, fimm ár. Launin gætu lækkað, margir standa andspænis því eftir bankahrunið á Íslandi, nú eða þau gætu hækkað, sem vitaskuld gerir eftirleikin og afborganirnar léttari. Sumir missa heilsuna og standa frami fyrir alveg nýrri stöðu af völdum heilsubreysts. Vandinn í lífi hvers manns er að hann veit ekki á hvorn vegin þetta fer. Þarna kemur Drottinn sjálfur til skjalanna fyrir fólk sem hefur tekið trú á hann. Það veit að Drottinn sér allt allt til enda og veg mannsins uns yfir líkur hjá honum. Enn og aftur sjáum við hvílíkt forréttindafólk menn eru sem gera Jesú að sérstökum kosti fyrir sig og sitt líf.

Í framhaldi af umræðunni um skuldamálin má vel spyrja sjálfan sig að raunverulegri gangsemi af því að ganga til ábyrgðar fyrir skuldum fólks og hversu mikinn greiða menn geri fólki með sinni ákvörðun og undirskrift. Það er nefnilega áhöld um hversu greiðinn þarna er stór þegar öll kurl komast til grafar sem þarf að skoðast alveg sérstakleg og áður en svo stór ákvörðun er tekin fyrir báða aðila. Ekki svo að skilja að lántakinn meini illa heldur er hann oft, óafvitandi kannski, að reisa sér hurðarás um öxl með sínu láni sem mun ekki bara draga hann til falls heldur líka hinn sem léði honum sitt eigið nafn á skuldabréfið sem lenti svo í klúðri án þess að ábyrgðarmaðurinn hafi sér neitt til saka unnið. Hér erum við kominn að keðjuverkuninni sem ógætileg peningastefna hefur í för með sér fyrir fólk sem bankarnir sjálfir ættu að bera ábyrgð á í stað þriðja aðili út í bæ eins og nú viðgengst:

„ Þynnar, snörur, eru á vegi hins undirförla, sá sem varðveitir líf sitt, kemur ekki nærri þeim. Fræð þú sveininn um veginn, sem hann á að halda, og á gamals aldri mun hann ekki af honum víkja. Ríkur maður drottmar yfir fátækum, og lánþeginn verður þræll lánsalans. Sá sem ranglæti sáir, uppsker óhamingju, og sproti heiftar hans verður að engu. „ (Orðsk 22:5-8)

Enn fáum við kennslu um áhrif peninga á líf okkar þegar og ef við missum tökin á fjármálunum. Og enn er okkur bent á þetta fangelsi sem menn hafna í sem klúðra sínu þarna

Enn og aftur koma til okkar gagnlegar ábendingar sem gera okkur betur fær um að lifa lífinu uppréttar manneskjur en festa okkur ekki við helsi, bindingar og fjötra sem eru þegar upp er staðið fátt nema fangelsi, svarthol og „ Lok, lok og læs, og allt í stáli, „ - eins og gamanvísnaðsöngvarinn og skemmtikrafturinn Ómar okkar Ragnarsson söng forðum daga og enn heyrir á öldum ljósvakans.

Hér gefur Biblían okkur góð ráð sem færir okkur áfram og framhjá torfærum og hindrunum sem við annars gætum ratað í sé ekki eftir ráðleggingum hennar farið. Við vitum að í sjálfu sér er allt leyfilegt en líka að sumt sem við aðhöfumst er skaðlegt fyrir vort líf og beinlínis háskalegt:

„ Nei, heldur að það sem heiðingjarnir blóta, það blóta þeir illum öndum, en ekki Guði. En ég vil ekki, að þér hafið samfélag við illa anda. Ekki getið þér drukkið bikar Drottins og bikar illra anda. Ekki getið þér tekið þátt í borðhaldi Drottins og borðhaldi illra anda. Eða eigum vér að reita Drottin til reiði? Munum vér vera máttugri en hann? „ (1Kor 10:20-22)

Hver er freistarinn? Hann heitir Satan. Hann er sá sem kemur með öll gylliboðin til manna og kvenna einvörðungu til að leiða yfir fólk ógæfu inn í framtíðinni og er einkar klókur þarna. Hann gætir sín á að hafa eilítið skraut á til að sannfæra manninn um ágætið. Og hve marga skildi ekki einmitt sjálfur óvinur Guðs og freistingar hans við mannanna börn hafa leitt til óheppilegrar lántöku sem á endanum setti skuldarann í fangelsi og varpaði yfir hann fjötrum, bindingum og hlekkjum og fyllti af skelfingu, ótta og kvíða og sett eigin framtíð í uppnám? Já, hversu margt er það fólk sem þannig er ástatt um? Hugsum um þetta.

Nú vitum við, við vorum að lesa um það í ritningunum hér ofar, að til eru illir andar sem hylja sig með stórfelldum blekkingum og lygum og einnig að Guð vill ekki að við séum í neinum tygjum við þá. Vegna þess að þeir eru illir andar. Og hve marga hefur þessum illu öndum ekki tekist að sannfæra í gegnum tíðina og árpúsundin og leitt inn í stórfelldan háska og harmleik? Að framkvæma það sem er skaðlegt fyrir sig sjálfa og sína ber hvorki hyggindum né viskunni merki. Ekki satt? Gáfur mannsins hafa ekkert með þessa hluti að gera. Jafnvel gáfaðasti maður getur látið afvegaleiðast á ýmsan máta og orðið af versti heimskingi með verkum sínum og gjörðum. Þetta vitum við mæta vel. Hinn gáfaði, eins og allt annað fólk, þarf að stíga sín skref varlega til jarðar og huga vel að því næsta sem hann tekur, eigi vel að fara. Og svona, og bara svona, talar lífið til hvers manns.

Biblían er kennslubókin besta fyrir lífið sjálft til að fólk geti gengið upprétt alla sína fánýtu ævidaga. Hún bendir á lausnir og umfram allt gaf hún fólkinu fagnaðærindið sem talar um hinn krossfesta og upprisna Jesú og að hann sitji við hægri hönd Föðurins og biðji þar fyrir öllum og muni koma aftur til jarðarinnar og stofnsetja hér þúsund árar ríkið. Um allt þetta og meira til lesum við um í Biblíunni.

En Orð Guðs krefur manninn um trú. Trúleysi mitt breytir samt ekki áætlunum Guðs né heldur verkum hans. Trú mín eða trúleysi hefur engin áhrif á Guð. Hann vill hafa bæði þig og mig með sér. Sé vilji minn og mannsins almennt, hvað eftirfylgnina áhrærir, honum ekki hliðstæð heldur Drottinn samt sínu striki en við annan stað höfum misst af og stöndum utan við og horfum á úr fjarlægð. Allt slíkt ber hugleysinu merki og Drottni líkar ekki vel við huglausan mann. Og hve marga slíka drattast hann ekki með inn í sjálfri kirkjunni sem aldrei hafa stigið skrefið fullkomlega né heldur tekið sína ákvörðun?:

„ Elskan sé flærðarlaus. Hafið andstyggð á hinu vonða, en haldið fast við hið góða. Sýnið hver öðrum bróðurkærleika og ástúð, og verið hver yðar fyrri til að veita öðrum virðing. Verið ekki hálfvolgir í áhuganum, verið brennandi í andanum. Þjónið Drottni. Verið glaðir í voninni, þolinmóðir í þjáningunni og staðfastir í bæninni. Takið þátt í þörfum heilagra, stundið gestrisni. „ (Róm 12:9-13)

Aftur fáum við kennslu sem vel gæti gert okkur að einlægara Guðsfólki. Ljóst er að ef við fylgjum eftir þessum Orðum mun okkur vel farnast og ekkert koma í veg okkar sem ekki flýr af hólmi þegar hreinleikin og heiðarleikinn blasir við þessu. Þetta er aflið sem stuggar við öllu sem reynir að stöðva för okkar.

Trúin er ósigrandi afl. Og fjöll færast úr stað.

Orðin í Biblíunni eru ekki bara einhver Orð sögð af einhverjum heldur töluð af munni lifandi Guðs sem sjálfur hefur sagst vaka yfir sínu Orði. Hann leggur raunverulega ekki á nokkurn mann slíka ábyrgð heldur ber hana alla sjálfur og ljáir ekki máls á neinu öðru. Hverjum af okkur væri líka treystandi þarna?

Orð hans eru óhagganleg. Hvorki bankahrún né eldgos fá hróflað við Orðunum sem sjálfur skaparinn hefur sagt. Ekki synd mannsins né óheiðarleiki hans fá haggð því sem Guð hefur sagt. Þau eru öll sönn og koma fram þegar þeim er það ætlað. Manninum er boðin náð og miskunn Guðs og hann fékk færa leið þarna fyrir Jesú sem öndvert gefur mannum trú sem staðfestir vilja Guðs, náð hans og miskunn í hjarta mannsins. Allt er þetta gjöf. Allur heimsins auður fær ekki keypt mannum slíkan rétt. Jesú og eftirfylgd við hann er ókeypis og kostar manninn raunverulega bara eitt lítið já. Og þetta litla „ já “ sem aðeins tveir bókstafir mynda gefa okkur allt sem er Guðs og allt hans verður frá því andartaki okkar: -

„ En hann svaraði föður sínum: Nú er ég búinn að þjóna þér öll þessi ár og hef aldrei breytt út af boðum þínum, og mér hefur þú aldrei gefið kiðling, að ég gæti glatt mig með vinum mínum. En þegar hann kemur, þessi sonur þinn, sem hefur sóað eigum þínum með skækjum, þá slátrar þú alikálfinum fyrir hann. Hann sagði þá við hann: Barnið mitt, þú ert alltaf hjá mér, og allt mitt er þitt. En nú varð að halda hátíð og fagna, því hann bróðir þinn, sem var dauður, er lifnaður aftur, hann var týndur og er fundinn. „ (Lúk 15:29-32)

Maðurinn er án afsökunar og við engan annan en hann sjálfan að sakast sæki hann ekki í kennsluna sem hefur staðið honum til boða svo lengi vegna þess að hann trúir ekki að Biblían sé bókin og gagnist honum né hafi yfirleitt eitthvað við hann að segja.

En þá skal það haft í huga að mikill menntun og að þekkja Guð með réttum hætti er ekki eitt og hið sama. Að þekkja Drottinn er enda ekki áskapað né fengið af bókalærdómi einum heldur er um gjöf að ræða frá honum sem reis upp.

Já, bræður og systur. Við þurfum gjöf frá lifandi Guði til að fá þekkt Drottinn og hví við þurfum að fylgja honum. Heilagur Andi tekur sér bólfestu og hreiðrar um sig í hjarta endurfæddrar manneskju og kennir fólki um synd, réttlæti og dóm. Dóminn og syndina getum við fengið afgreidda út af borðinu í Jesú og við byrjum að framganga í réttlæti Drottins fyrir vora trú. Trúin er nauðsýnleg.

Lifið heil í Jesú nafni. Amen.

Auður og völd krefur manninn um visku

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Auður og völd. Nokkuð sem kitlar hégómagirnd mannsins. Auður og völd eru vandmeðfarin. Þau kalla á visku og krefjast auðmýktar og hógværðar. Allt atriði sem maðurinn þarf að temjast við og læra. Í hjarta hvers manns býr nefnilega hroki sem þarf að hindra í að brjótast fram þegar auður, og þá sérstaklega völd, komast í hendur mannsins. Hvers sem er.

Auður og völd heimtar öguð vinnubrögð sem koma af stillingu, einlægri auðmýkt og hógværu hjarta. Allt kostir sem vel má mæla með. Völd mannsins snerta fleiri heldur en bara hann einan. Það sem hann gerir í skjóli valdsins hefur víðtæk áhrif. Samanber ráðherrar í ríkisstjórnnum hvort sem eru einræðisstjórnir eða lýðræðislega kjörin stjórnvöld. Allt krefur þetta manninn um auðmýkt og hógvært hjarta.

Engin maður er eyland staðsettur langt út í ballarhafi. Allir menn hafa áhrif og geta breytt um stefnu sé hún röng. Og allt fólk getur lært.

Máttur fylgir peningum og þennan mátt má nota bæði til góðs og ills. Í eigingjörnum eða óeigingjörnum tilgangi. Fer eftir upplagi mannsins og hvernig hjartað er stemmt og hvað þar hreiðrar um sig. Af peningasöfnun vill spretta græðgi. Í gang fara þælingar sem oft fær svipt menn allri dómgreind, þessum mikilvæga þætti fyrir manninn að haldið sé í réttum farvegi. En akkúrat þessu er varpað til hliðar og blindan og siðleysið kemst að og allt er gert leyfilegt í skjóli valdanna sem mikil og eftirtektarverð umsvifin ollu.

Ört stækkandi loftbóla stígur til himins og springur. Óhroðinn sem innan í henni leyndist og fæstir vissu um rignir yfir þá sem undir eru og í lentu. Mikill fnykur gýs upp. Hópurinn sem fyrir varð lamast í fyrstu en fyllir sig svo af reiði og á þá einu ósk að einn og svo annar hangi í hæsta gálga. Svárið við spurningunni um tilgang lífsins reyndist ekki vera í þessu. Draumurinn sem glóði á og hvarf á augabragði og breyttist í verstu martröð, langvinn leiðindi, endalausar lopateygjur og engin úrræði tók við.

Hófs var ekki gætt.

Aginn og auðmýktin saman við viskuna er hindrun í að svona fari. Að gera þetta viðskilja við daglegt líf og mikilvæg verkin sem maðurinn vinnur er hvorki mér eða þér hollt. Ekki er von á góðu þegar menn segja bless við allt sem heitir eðlilegt aðhald sem getur haldið aftur af mönnum og fengið þá til að staldra ögn við og skoða málið örlítið betur og í öðru ljósi en áður var. Þetta er ekki gert og verkið sem byrjaði svo vel og virtist spennandi og góður kostur varð að stjórnlausum bastardí sem

náði áður en yfir lauk að kæfa allt sem í daglegu tali kallast heilbrigð skynsemi. Sem eina ferðina enn mátti þola að verða rekinn út í hafsauga og látinn sökkva þar til botns.

Margir vita að heilbrigð skynsemi fæðist af viskunni. Og viskan er komin að ofan og streymir frá háseti lifandi Guðs.

Viskan bræður og systur er magnað fyrirbæri:

„ Þá nótt vitraðist Guð Salómon og sagði við hann: Bið þú þess, er þú vilt að ég veiti þér. Og Salómon svaraði Guði: Þú auðsýndir Davíð föður mínum mikla miskunn, og þú hefir gjört mig að konungi eftir hann. Lát þá, Drottinn Guð, fyrirheit þitt til Davíðs föður míns standa stöðugt. Því að þú hefir gjört mig að konungi yfir lýð, sem er margur eins og duft jarðar. Gef mér þá visku og þekkingu, að ég megi ganga út og inn frammi fyrir lýð þessum. Því að hver getur annars stjórnað þessum fjölmenna lýð þínum? Þá mælti Guð við Salómon: Sakir þess, að þetta hjó þér í hjarta, og þú baðst eigi um auðlegð, fé og sæmd, eða um líf þeirra, er hata þig, og baðst eigi heldur um langlífi, heldur baðst þér visku og þekkingar, að þú gætir stjórnað lýð mínum, er ég hefi gjört þig að konungi yfir, þá er viska og þekking veitt þér, og auðlegð, fé og sæmd vil ég veita þér, meiri en haft hefir nokkur konungur á undan þér og meiri en nokkur mun hafa eftir þig. „ (2Kron 1:7-12)

Salómon var konungur í Ísrael og tók við af föður sínum Davíð konungi sem eins og margir vita var farsælasti konungur sem ríkt hefur í Ísrael frá upphafi. Davíð var réttlátur og vitur konungur sem leitaði og treysti Guði og fékk eftirmæli frá Föðurnum um að vera maður eftir hjarta Drottins.

Salómon vakti athygli allra sem til þekktu fyrir visku. Menn komu um langan veg til að heyra visku Salómóns. Þessi viska er enn í hávegum höfð. Um hana má lesa og læra af í Biblíunni. Í Orðskviðunum, Predikaranum, og á fleiri stöðum í Gamla testamentinu.

Samt er ljóst að ekki er nóg að eiga til fullt af visku en nota hana ekki rétt. Salómon þessi féll í þann fúla pytt og fór að tala um allt á milli himins og jarðar og kannski æ sjaldnar um hann sem allt málið snýst um og allir hlutir eru komnir frá, skapari himins og jarðar:

„ Og hann var allra manna vitrastur, vitrari en Etan Esrahíti og Heman og Kalkól og Darda Mahólssynir, og hann var nafnfrægur með öllum þjóðum umhverfis. Hann mælti þrjú þúsund orðskviðu, og ljóð hans voru eitt þúsund og fimm að tölu. Og hann talaði um trén, allt frá sedrustrjánum á Líbanon til ísópsins, sem sprettur á múrveggnum. Og hann talaði um fénað og fugla, orma og fiska, og menn komu af öllum þjóðum til þess að heyra speki Salómóns, frá öllum konungum jarðarinnar, er heyrðu speki hans getið. „ (1Kon 4:31-34)

Við sjáum hér að sjálfur Salómon uppverðast af sinni sérstöku og stórfenglegu gjöf Drottins og er kominn á allt annan stað með sína speki heldur en Drottinn ætlaði henni. Að flytja fólkinu aukna þekkingu og meira innsæi í það sem var Drottins. En akkúrat þarna er ávallt hætta á ferðum fyrir breyskan mann sem vill stundum hreykja sér og þakka sér sjálfum, þótt Drottinn einum beri þakkirnar. Þarna þarf að koma til viðvarandi agi og vaxandi auðmýkt í hjarta mannsins til að hann haldist á réttum stað og láti ekki gjöf Guðs leiða sig afvega, sem er svo auðvelt að gera og svo margir hafa því miður gert. Að ekki sé talað um þegar aðdáun hárra sem lágra á sér stað líkt og gerðist í tilviki Salómóns með öllu þessu fólki sem kom um langan veg einvörðungu til að heyra hvað nákvæmlega þessi maður hafði að segja.

Viska Salómóns teygði sig langt út fyrir landamæri Ísrael ríkis.

Hugsid ykkur hvílíkt tæki Drottinn lætur í hendurnar á þessum manni. Viska í svo ríkum mæli er öllu gulli verðmætara. Það er að segja sé hún rétt notuð og lyftir upp nafni lifandi Guðs.

Ef við skoðum Salómon er ljóst að þótt viska hans skáki allri annarri visku hér á jörðinni nægði hún þó ekki til að halda mannum þétt upp að hjarta Drottins heldur leiddist Salómon út í synd eins og svo margir aðrir hafa gert og eru enn að gera sjálfum sér til stórfellds tjóns og mörgum sem í kringum þá eru til verstu armæðu. Hver skilur mannhjartað?

Málið með Salómon virðist vera það að við lok ævinnar hafi hann orðið mæddur og kannski eilítið þreyttur á allri sinni speki og visku og öllu þessu grúski og þælingum sem hann burðaðist með, stúderaði og velti vöngum yfir. Ef við lesum til að mynda Predikarann má vel leiða líkum að þessu. Í Predikaranum verður Salómoni tíðrætt um hégóma og að allt sé hégómi og um svoleiðis hluti. Þetta orð „ hégómi og að allt sé hégómi “ kemur oft fyrir í bókinni.

Í niðurlagi Predikarans sést kjarninn vel og hvað Salómon kemst að og lætur sannfærast um þegar öll kurl koma til grafar. Skoðum það:

„ Prédikarinn leitaðist við að finna fögur orð, og það sem hann hefir skrifað í einlægni, eru sannleiksorð. Orð spekinganna eru eins og broddar og kjarnyrðin eins og fastreknir naglar þau eru gefin af einum hirði. Og enn fremur, sonur minn, þýðstu viðvaranir. Að taka saman margar bækur, á því er enginn endir, og mikil bókið þreytir líkamann. Vér skulum hlýða á niðurlagsorðið í því öllu: Óttastu Guð og haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra. Því að Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm, sem haldinn verður yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða illt. „ (Préd 12:10-14)

Þarna talar maður sem hefur uppgötvað og komist að raun um hvað skipti mannum mestu máli. Að óttast Guð og fylgja honum og visku hans og nota gjöfina sem Guð gefur mannum til að þjóna Guði með og láta þar við sitja. Auðvelt er að fara í einhverja aðra átt með þetta. Og slíkt mæðir mannum. Öll óhlýðni við vilja Guðs dregur úr og þreytir fólk meira heldur en flest annað. Þó er betra að vakna seint en vakna alls ekki.

Aginn er það sem maðurinn þarfnast. Aginn gildir fyrir allt lífið og kemur inn í sérhverjar aðstæður manna og kvenna.

Í textanum er minnst á að það sem Salómon skrifaði í einlægni ættum við að leggja á okkur að læra. Þetta segir okkur öndvert að sumt af því sem Salómon samdi hafi ekki verið gert af einlægni heldur kannski hjarta sem í var hroki og stærilæti sem máski öll þessi gríðarlega viska og þekking gaf honum. Eitt er nefnilega að vita og annað að nota visku sína og þekkingu rétt. Margir vita margt um himintunglin og gang þeirra í tóminu þarna úti en ekkert um lifandi Guð. Hvaða gagn er að slíku?

Aftur má benda á agann og auðmýktina sem knúin er áfram af trú og fullvissu um hvaðan gjöfin sú arna er kominn. Frá hæðum. Frá háseti lifandi Guðs. Fyrir þessu beygir maðurinn sig og þarf stöðugt að minna sig á. Að þessu kemst þessi stórmerkileg Guðsmaður Salómon við endir daga sinna hér í heimi. En hefði þó betur gert fyrr.

En einmitt það að hann missti sjónar af markmiði sínu í augum Guðs fer hann að mæðast, þreytast og lýjast. Allt þetta gerði mannum dapran og kannski líka viðskotaillan á gamals aldri. Allt vegna þess að Guð var ekki lengur í fyrsta sæti lífs hans heldur voru aðrir hlutir komnir þangað inn. Munum að Salómon leiddi allskonar vanblessun inn í land Ísraelsmanna. Skoðum eftirfarandi ritningavers:

„ Og ég taldi á þá og það þeim bölbæna, já, barði nokkra af þeim og hárreytti þá, og ég særði þá við Guð: Þér skuluð ekki gifta dætur yðar sonum þeirra, né taka nokkra af dætrum þeirra til handa sonum yðar eða sjálfum yður. Syndgaði ekki Salómon, konungur Ísraels, í þessu? Meðal allra hinna mörgu þjóða var enginn konungur slíkur sem hann, og svo elskaður var hann af Guði, að Guð gjörði hann að konungi yfir öllum Ísrael. En einnig hann teygðu útlendar konur til syndar. Og eigum vér nú að heyra það um yður, að þér fremjið alla þessa miklu

Óhæfu, að sýna Guði vorum ótrúmennsku með því að ganga að eiga útlendar konur? „ (Neh 13:25-27)

Þegar kom að konum í lífi Salómons brestur honum í raun viska og þær fá hann til að gera gegn vilja Guðs og hafði áður fært vanblessun yfir land Gyðinganna og sagan hefði átt að getað sagt þessum vitra manni. En líkt og oft áður þá tókst sögunni það ekki. Þetta bendir til ákveðins veikleika í fari hins mikla Salómons sem í raun setur svólítinn blett á alla visku hans og þekkingu. En segir okkur líka að Salómon var bara maður og í engu öðruvísi en ég og þú. Viska hans starfaði í holdinu og kannski meira og oftar en í anda mannsins, þar sem henni þó var ætlaður staður frá fyrstu tíð í augum Guðs. Fyrst hann féll því þá ekki við sem nú erum uppi? Varla teljum við okkur meiri heldur en Salómon?

Hvað vill þetta segja við okkur? Jú! Gætum okkar! Stígum varlega til jarðar! Höldumst vakandi! Sama hvatning og gengið hefur niður kynslóðirnar og til vorra daga.

Þegar kom að blessaðri kvenþjóðinni er eins og hin mikla viska og þekking Salómons víki frá honum og hleypi holdinu að. Nehemía bendir á þetta, kannski svólítið harkalega. En breytir þó ekki hinu að þarna kemur fram maður sem elskar Guð og vill að menn læri af sögunni og af mistökum sem þar eru skráð og Ísraelsmenn þekkja af lestri sínum og kennslu uppúr Biblíunni. Markmið Nehemía er að sín kynslóð feti ekki sömu braut sem augljóslega var röng braut hjá þessum mikilhæfa konungi Salómon. Hver þarf svo sem langa og ítarlega kennslu um veg ormannna ofan í moldinni eða veg fuglanna um loftin blá? Getur verið gaman upp að vissu marki en skiptir engum sköpum fyrir lífið sjálft.

Nehemía minnir okkur á mikilvægi sögunnar og það sem læra má af henni nútímanum til varnar. Hann bendir sínum samtíma á Salómon og mistökin sem hann gerði sem kostuðu Ísraelsku þjóðina sitt. Og þetta hefur ekki breyst.

Spurningin eins og ávallt áður er hvort við lærum af mistökum sögunnar? Ekki er svo að sjá.

Sannleikurinn er að það sem gerist í dag hefur áður gerst. Fráhvarfið frá Guði í til að mynda allsnægtalöndunum, eins og Vesturlöndin hafa orð á sér fyrir að vera og á margan hátt líka eru, er ekki nýtt af nálinni og sést best er við lesum sögu Ísraelsku þjóðarinnar sem aftur og ítrekað snéri baki við Guði sínum og uppskar óáran sem þjakaði hana og barði jafnvel áratugum saman en leiddi hana samt á endanum aftur til réttis vegar í gegnum þrengingar og hörmungar. Ekkert af þessu þurfti að gerast. Framhjá þessu gat þjóðin sneitt með því að hlýða Drottni og eiga til auðmykt í sínu hjarta gangvart því sem Guðs er.

Til þess að menn læri af mistökum sögunnar og feti ekki sama veg og forverarnir er ljóst að einhver líkur Nehemía, sem elskaði Guð nógu mikið, þarf þá að stíga fram og rísa á fætur og framkvæma hlutina með þá söguna að vopni og trúna í hjartanu og vera tilbúinn til að verja það sem er Guðs, samtíma sínum til heilla og blessunar en ekki til óhamingju og þrælkunnar. Við höfum aðferðina. Hún stendur í Biblíunni. Þar eru sigrarnir allir skráðir. Og sigrarnir voru fólkinu vísir þegar það fylgdi Drottni.

Eina sem þarf er að halda sig við hjarta Drottins og trúna og treysta honum í öllum atriðum. Þetta kallar á stanslaust stríð við sjálfið og er nokkuð sem allir kristnir menn vita um og þekkja á eigin skinni og þarf ekki að koma neinum á óvart. Manninum er ekki boðin nein hjáleid að markinu. Bænin er honum gefin og sömuleiðis trúin og þetta saman fjarlægir hindrunina úr veginum og maðurinn gengur sína leið beinn í baki og uppréttur. Það er vilji Guðs og hefur verið frá fyrstu tíð. Það vísir fyrir trúnni sem reynir að hindra en hinn trúaður maður vísir ekki. Þarna á þessum stað liggur nefnilega sigursveigurinn sem maðurinn tekur upp og haldið ferðinni áfram. Láti hann hins

vegar bugast þarna má benda honum á að trú hans sé lítil og barátuviljinn smár í sniðum og er nokkuð sem Drottinn vill þá breyta.

Að vera með hjarta sitt hreint er mikil Guðs gjöf. En allt svona kallar á vinnu og stöðuga ástundun og að vera sér meðvitaður um hættuna sem leynist á bak við hverja hæð og hvern hól. Hugurinn, vinir, er varasamur. Hann vill vekja upp holdið í mannum sem öndvert kemur ávallt gegn vilja Guðs og reynir oft en ekki að afskræma gjafirnar sem Guð hefur gefið og komið fyrir í hjarta manna og kvenna og til brúks í þágu Guðsríkisins.

Bræður og systur! Lærum af Biblíunni. Hún hefur góðar vísbendingar sem gilda fyrir daginn í dag. Hjarta mannsins er samt við sig. Það hefur ekki breyst og girndirnar, fýsnirnar og kenndirnar hinar sömu og forvera okkar glímdu við og svo margir af þeim féllu fyrir og guldu með ýmsu móti og öllum vondum. Sé sagan rétt notuð er hún til mikils gagns og forðar okkur frá mörgum skakkaföllum. En vegna hrokann sem sífellt skítur upp úldnum og úfnum hausnum í hjarta mannsins og reynir ef mögulegt er að reka út agann og viskuna og gera þessa góðu kosti hlægilega og hallærislega í fari manneskjunnar nær sagan ekki að vekja okkur upp þótt allt í kringum okkur megi lesa um og einnig hvernig fór. Eti maðurinn skemmdan mat fær hann í magann. Gildir þá einu hvað hann sjálfur heldur.

Bræður! Fetum beinar brautir. Jesús lifir í dag. Guð blessi þig. Amen.

Látum kærleika Krists vaxa.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

„ Vita skalt þú þetta, að á síðustu dögum munu koma örðugar tíðir. Mennirnir verða sérgóðir, fégjarnir, raupsamir, hrokafullir, lastmælendur, foreldrum óhlýðnir, vanþakklátir, vanheilagir, kærleikslausir, ósáttfúsir, rógberandi, taumlausir, grimmir, ekki elskandi það sem gott er, sviksamir, framhleypnir, ofmetnaðarfullir, elskandi munaðarlífið meira en Guð. „ (2Tím 3:1-4)

Hér er fremur óskemmtileg lesning um mig og þig og alla aðra menn sem lifa undir sólinni áður en þeir komast undir náðarfaðm lifandi Guðs og gerðust trúað fólk. Þetta eru afdrif manns sem þverskallast of lengi við að ganga veg Drottins og afrækir eðlilegt samband sitt við þann sem skóp. Með tímanum hverfur margt sem gæti orðið honum til góðs og hið illa verður honum tamara. Hugsíð ykkur ástandið að án Guðs verður maðurinn miskunnarlaus og hann veit ekki lengur hvað kærleikur er né hvað það er að umfaðma fólk af hjarta og af alvöru og elsku. Allt slíkt gefur af sér gleði sem gott trúarhjarta kann að meðtaka og er hluti af því að vera lifandi manneskja.

Vitað er að kynslóðirnar færa ýmislegt yfir til næstu kynslóðar og bæta við það sem þær sjálfar hafa lært í lífinu. Hvort sem er trú á Drottinn eða syndugt líferni. Og vegna þess að svo fáir gangast Guði á hönd þá vex syndin.

Margt gengur í erfðir og einnig það sem miður fer í lífi manna og kvenna. Kemur oft fram í afkomendunum, sem þá breyta með svipuðum hætti og annaðhvort móðir eða faðir gerði þótt vilji standi til annars hjá þessu fólkum sem til að mynda reyndi margt slæmt í æsku. Til er nokkuð sem heitir ættarbölvun og ættarbölvunin erfist milli manna og verður einungis brotin á bak aftur í Kristi. Aftur komum við að mikilvægi trúarinnar á hinn upprisna Drottinn.

Að bölvun erfist er vitaskuld óræk sönnun þess að hér er afl sem má notfæra sér ýmislegt sem fólk temur sér og er andstætt vilja Guðs. Munum samt að þetta gildir líka um hið góða sem kristinn maður hefur unnið að, lært og skilað af sér til sinna í formi trúar og blessunar sem af trúnni hlýst. Ekki gleyma trúnni:

„ Og María sagði: Önd mín miklar Drottin, og andi minn gleðst í Guði, frelsara mínum. Því að hann hefur lítið til ambáttar sinnar í smæð hennar, héðan af munu allar kynslóðir mig sæla segja. Því að mikla hluti hefur hinn voldugi við mig gjört, og heilagt er nafn hans. Miskunn hans við þá, er óttast hann, varir frá kyni til kyns. Máttarverk hefur hann unnið með armi sínum og drembilátum í hug og hjarta hefur hann tvístrað. „ (Lúk 1:46-51)

Öndvert við fyrri lestur er þessi sem nú var lesin fullur af von. Hér er lausni fyrir mannkynið á leiðinni í heiminn og kom fram í kynslóðinni sem þá var, og allt til vorra daga. Kynslóðin sem Jesú er af sá kannski ekki svo mikið af þessu en fékk þó gott betur heldur en smjörþefinn. Samt má fullyrða að kynslóð Jesú hafi lítið séð miðað við allt sem eftirlifandi kynslóðir upplifa í Drottni. Ástæðan er að æ fleiri bætast í hópinn og þekkingin eykst hjá kynslóðunum sem koma og fara en skilja eftir sig þekkingu sem öndvert gefur betri skilning á verkum Drottins.

Af þessu sjáum við að margt gengur í erfðir. Líka trúin, sé horft til þess að bænamaðurinn biður fyrir sínum afkomendum í því trausti að Drottinn heyri bænir og sé bænheyrandi Guð.

Líklegt er að öll okkar sem nú trúum séum bænasvar fólks sem lyftu okkur upp til Drottins í bæn. Drottinn þekkir söguna og veit hvernig við erum tilkomin í hans ríki og hverjir báðu hann um þetta. Drottinn leggur við eyrun er bænamanneskja biður. Biblían kennir þetta.

En aftur að 2. Tímoteusarbréfi þar sem við lásum fremur dapra lesningu um eðli míns og þíns í holdi voru. Ekki í anda Guðs. munum það.

Þar er komið inn á fégirndina, og við vitum hvernig hún fær leikið menn sem falla fyrir henni. Ekki bara einstaklinga, einstaka manneskjur sem ullu spjöllunum, heldur líka heilt samfélag og heil samfélög. Fjármagnskreppan sem mörg lönd glíma við árið 2010 er enn stórt vandamál.

Menn gorta af allskonar hlutum sem kristinn maður veit að er synd og gera góðan róm að þeim sem gera slíkt hið sama. Svik eru daglegt brauð margra manna og kvenna og endalaust verið að reyna koma málum svo fyrir að ekki þurfi að svara til saka fyrir pukrið og mykraverkin. Ýmsar smugur finnast í lögum sem menn hiklaust smeygja sér í gegnum og komast örlítið lengur upp með sitt ódæði en þurfa áður en yfir líkur að svara fyrir. Engin, endurtek engin, sleppur endalaust undan armi réttvísinnar. Slíkt höfum við aftur og ítrekað fengið að sjá. Fólk sem vinnur óheiðarleg störf vinnur í götótta pyngju. Þeim verður ekki kápan úr sínum klæðum. Biblían kennir þetta og Biblían er sannleikur.

Allt snýst á sömu sveif hjá vantrúnni. Vantrúin hirðir ekki endilega um vönduð vinnubrögð. Siðferðið fer hnignandi og það á tímum þar sem margir hrópa á bætt siðferði. Hvernig svo sem menn vilji koma því á. Engin getur bætt nokkurn mann nema sig sjálfan. Já, hann sem blasir við í speglinum. Honum einum er hægt að tjónka við og breyta.

Í öðru Tímoteusarbréfi er og talað um hrokafullt fólk.

Já, hvað um hann? Hrokinn er einkar lúmskt fyrirbrigði sem erfitt er að verjast en ríður hér þó húsum og fer mikinn og hefur alltaf gert?

Já ágætu systkini! Hrokinn er lúmskur og erfitt að verjast honum eða koma á hann auga hjá sér sjálfum. Eina sem vinnur á hrokanum er auðmýkt sem starfar í trú. Eigin hroka þarf að glíma við og

kasta út. Hroki annarra er þeirra mál og kemur okkur í sjálfu sér lítt við. Þótt reyndar sé mun auðveldara að koma auga á hann en hroka sjálfs síns. Ekki satt? Ágæt leið er að vera ekkert að tala um hroka annarra við þá sem í kring eru. Allir hafa nefnilega nóg með sig sjálfa. En hér erum við í kennslu sem breytir málinu vonandi eitthvað.

Hrokinn smeygir sér inn í hjartað og hreiðrar þar um sig og maðurinn fyllist stærilæti án þess að veita því endilega eftirtekt. Og kannski var hann þarna alltaf og fór hvergi. Sumt viljum nefnilega halda í en ættum hiklaust að vilja sleppa.

Bara það að fá eitthvað embætti í kirkjunni sinni fyllir sumt fólk hroka og það fer að finna til sín og byrja að stjórna öðrum í stað þess að einblína á verkið og reyna að gera það eins vel og hægt er. Sem vitaskuld er rétt afstaða. Þá líka breytist nýfengin staða í þá blessun sem ætlast var til að hún yrði manneskjunn. Kannski rættist gamall draumur um að verða viðurkenndur og vera treyst en menn brugðust við með þessum ranga hætti og gerðust hrokafullir í hjarta og máski líka uppskrúfaðir og urðu við það leiðinlegir. Hvað er slík framkoma fólks annað en hroki? Hrokinn er ekki eitthvað eitt heldur er hann breytilegur og hefur á sér hinar ýmsu birtingarmyndir. Hrokinn er einkar sleipur og varhugaverður sem oft er erfitt að sjá í eigin fari. Þetta er vandi sem maðurinn er oft á tíðum að glíma við. Hrokinn á við um manneskjur. Einstaklinga. Mig og þig sem uggum ekki að okkur né heldur kunnum að beita trúnni til varnar, áminningar og kennslu:

„Ég mun leiða þá heim aftur frá Egyptalandi og safna þeim saman frá Assýríu. Ég leiði þá inn í Gíleaðland og inn á Líbanon, og skorta mun landrými fyrir þá. Þeir fara yfir Egyptalandshaf, og hann lýstur hið bárótta haf, og allir álar Nílfjótsins þorna. Hroki Assýríu skal niður steypast og veldissprotinn víkja frá Egyptalandi. Ég vil gjöra þá sterka í Drottni, og af hans nafni skulu þeir hrósa sér segir Drottinn. „ (Sak 10:10-12)

Hér talar Guð um hrokann og segist koma gegn honum og beygja hann niður í duftið. Í hroka sínum telur maðurinn sig geta margt sem síðar kom í ljós að hann var ekki fær um að framkvæma. Og allt fór út um þúfur með eintómri upplausn og ringulreið.

Margt fæðist af hrokanum og líka margt í manningunni fær næringu úr hrokanum sem vill starfa en maðurinn ætti ekki að vilja starfsleyfi í sér. Drottinn hatar hroka mannsins sem blæs manninn bara upp. Það er svo mikil blekking í gangi hvað hrokann áhrærir sem allir geta orðið fyrir sem ekki gæta sín og stíga varlega til jarðar. Trúið að það sem einn lendir í og varð honum fjötur um fót getur líka hent mig og þig. Aðgæsla og trú kemur í veg fyrir margt illt. Höldum okkur því þar.

Að stærstum hluta nærst hrokinn á lyginni og blekkingunni sem öndvert er frá Satani sjálfum komin sem var hér fyrir er fyrstu manneskjurnar voru skapaðar:

„En hann (Jesú. Innskot höfundar) mælti við þá: Ég sá Satan hrapa af himni sem eldingu.“ (Lúk 10:18)
- Hér fáum við staðfestingu frá sjálfum Drottni um hvaða afl er hér að verki sem ber að forðast. Enda óvinur Guðs og manns númer eitt. Þótt reyndar margir séu að nudda sér upp við skelminn. En þeir vita ekki hvað þeir gjöra né heldur hvern við er að eiga. Allir sem koma nálægt Satani setja sjálfa sig í lífshættu. Trúið þessu.

Við munum að Guð bannaði Adam og Evu að eiga neitt við skilningstré góðs og ills og að þeim væri heimilt að nýta sér öll önnur tré í gróskumiklum garðnum og eta af öllum ávöxtum sem uxu á greinum hinna trjáanna. Af hverju bendir hann sérstakleg á þetta eina tré nema fyrir þær sakir að hann vissi hver þar var öllum stundum og hékk þar eins og mý á mykjuskán og fór hvergi. Þessi sem þarna var er hinn sami og rúin var öllu og steypst niður af himni með alla sína illsku sem enn er til vandræða á jörðinni og hverfur ekki nema í Kristi. Í ritningaversinu bendir Kristur á þetta. Jesú varð sjálfur vitni að atburðinum. Hann horfði á gerninginn sínum eigin augum. Og augun og það sem augun sjá svíkja engan. Við vitum hvað við sáum og höfum séð.

Þannig sjáum við að Satan hefur lengi verið hér og veit ýmislegt um fólk og hvernig má notfæra sér veikleika manna og kvenna. Allt fólk er hold og andi. Holdið, eigin vilji mannsins, kemur í gegn andanum, eða vilja Guðs. Sem og er ástæðan fyrir endalausri uppreisn mannsins gegn öllu sem er Guðs. Satan heggur í veikleika fólks og notfærir sér út í ystu æsar. Ekki stórmannlegur gerningur. En svona er þetta samt. Maðurinn þarfnast verndar Jesú.

Bræður og systur! Sannarlega lifum við tíma nú um stundir og erum á þeim stað í Biblíunni þar sem illskan grasserar og það oft á tíðum beint fyrir framan augun á okkur án þess raunverulega að fá rönd við reist. Eina sem hindrar að þetta flæði yfir af fullum þunga eru bænir hinna heilögu sem Drottinn hefur tekið frá sér til handa. Allt vegna þess að enn er náðartími sem ekki líkur fyrir heldur en í burthrifningunni sem engin nema Faðirinn einn veit hvenær verður.

Áhrif sjónvarpsins.

Ástandið í heiminum einkennist af æ meira ofbeldi. Menn eru í auknum mæli að ná sínu fram með þessum hætti sem allir ættu að vita að kallar á sama og er engin lausn heldur bætir aðeins gráu ofan í svart og útkoman verður verra ástand en var og verra en það þyrfti að vera. Öll mál má nefnilega leysa með farsælli hætti, viðræðum og svoleiðis.

Dapurlegt er að horfa upp á hve mikil tortryggni er í gangi. Menn eru óttaslegnir um svo margt og tortryggja út í eitt. Mæður eru hræddar um börnin sín að þeim verði gert eitthvað til miska og þeim rænt, misnotuð eða eitthvað þaðan af verra. Óttinn er allstaðar yfir og menn svo oft óvarðir fyrir þessum lamandi og niðurdrepandi ótta. Fréttirnar hjálpa þarna til og viðhalda sumpart óttanum. Að ógleymdum grúa ofbeldismynda sem sjónvarpstöðvarnar og bíó húsin er full af og sýna árið um kring.

Inn á heimilum manna er nánast á hverjum degi kennslustund í ofbeldi gegnum sjónvarpið. Höggin og spörkin er látin dynja á fólki og sá harðasti og kaldasti fer með sigurorð af hinum, sem liggur þá eftir í blóði sínu án neinnar miskunnar þeirra sem í kring eru. Svona eru bíómyndirnar margar hverjar og þær sem oftast og mest eru sýndar inn á heimilunum í landinu á skjánum.

Hvað um allt hið góða, fagra og fullkomna sem Biblían er uppfull af og vill hvetja mig og þig til að ganga fram í? Þetta sést alltént ekki mikið á þessum sjónvarpsstöðvum vegna þess einfaldlega að lítill eða engin áhugi er á slíku efni til birtingar hjá fólkinu sem þar ræður för og stjórnar hvað þaðan fer út. Ein sjónvarpsstöð á Íslandi gerir þó út á þetta og er það sjónvarpsstöðin Ómega.

Börn í dag allast upp fyrir framan sjónvarpsskjáinn og til eru leikir sem hægt er að nota í tölvum þar sem byssum er beitt og menn vegnir í tonnatali og blóð út um allt. Slagsmál, högg og spörk eru algeng í þessum leikjum og menn liggja eftir valnum út um allar götur. Og enn er haldið áfram.

Bíómyndirnar sem menn líma sig yfir heima eru af svipuðum toga og allt matreitt á þann hátt fyrir áhorfandann að byssan er vörnin og ótækt annað en að taka hana með sér til varnar. Og maður fellur (vondi kallinn) og menn heima andvarpa feginsamlega yfir því að ógnin er ekki lengur til staðar heldur liggjandi á gólfinu í andarslitrunum og með blóðið rennandi úr sér. Svona er gert og mannsbaninn gerður að engu máli og bara til að losa sig við vonda kallinn og allt réttlætt með þessu. Svo renna tár og miklu fargi er af fólkinu létt með drápi vonda mannsins í myndinni. Allt heima í stofu og innanum fjölskyldu meðlimi sem eru á ýmsum aldri og allt niður í kornabörn. En hvað segir Jesú: „Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig. „

Og segir ekki Biblían einnig að allt líf skuli virða og líf skuli verja? Líf mansins er dýrmætt. Líf mannsins er dýru verði keypt. Fórn færði ekki Jesú sínu eigin lífi sjálfviljugur á krossinum þótt sakalaus væri fyrir syndir manneskjunnar? Í það minnsta kennir Biblían þetta og við vitum að hún ber okkur sannleika frá hæðum, frá hvorki meira né minna en háseti lifandi Guðs.

Að nota vopn á annað fólk er ávallt alvarlegt mál. Að hafa þetta í bíómyndum sem ætlaðar eru til sýningar almenningi og í heimahúsum er strangt til tekið ótækt. En þetta er markhópurinn sem framleiðendur svokallaðra afþreyingarmynda gera. Þeir gera það bogið sem á að vera beint, skírt og klárt.

Jafnvel glæpamaðurinn, sem vissulega hefur unnið til fangelsisvistar með athæfi sínu, að á bak við hann er fullt af fólki, ósköp venjulegu fólki, sem syrgir og saknar mannsins og hefur oft liðið vítiskvalir vegna lifnaðar og verka þessa manns. Myndirnar sýna ekki þennan þátt heldur bara hann að vondi kalin er ekki lengur ógn við þennan eða hinn. Málið var afgreitt með byssunni sem framkallaði ánægjuhljóð og bros á vör.

Kann að vera að slæmt myndefni inn í stofu fólks hafi ekki áhrif á svona flesta. En hvað um þann veiklundaða í hópnum og máski líka veikan í höfðinu með ranghugmyndir um veruleikann og annað eftir því? Hvað með hann? Eða hinn feimna og óframfærna sem með sjálfum sér heillast af kalda karlinum sem veður áfram og lætur hvern drauminn rætast á fætur öðrum og beitir til þess jafnvel óvönduðustu meðulum til að ná sínu fram. Já! Hvað með þennan einstakling? Þetta eru þegnarnir sem þarf að hafa af áhyggjur þegar kemur að þessum þáttum. Þessi eini er til staðar og tilheyrir hópnum sem er mótækilegur og gæti látið matast af efninu með óæskilegum hætti vegna eigin ástands, minnimáttarkenndar, skertrar sjálfsmyndar og slíkra hluta sem því miður allt of margir einstaklingar drattast með og gera sér jafnvel sjálfir enga grein fyrir að sé til staðar hjá sér. Þekking er enda ekki til staðar á staðnum sem fær er um að greina þetta. Og hér kemur trúin á Jesú enn og aftur til hjálpar. Drottinn veit það sem maðurinn veit ekki alltaf um.

Eins og alltaf áður gefur Drottinn okkur aðvarandi Orð. Og áður en það sem gerist á sér stað í mannheimum hefur hann talað í gegnum sitt fólk: Sjáum hér einn spádóm sem kom áður en bylgjan sem við þekkjum í dag og glímum sumpart við kom fram af fullum þunga:

„ Spádómur frá 1968 sem kona í Noregi fékk.

Árið 1968 sýndi Drottin níræðri konu frá Valdres í Noregi sérstaka sýn.

(Úrdráttur)

Á þessum síðustu tímum munum við sjá hluti í sjónvarpinu sem okkur hefði ekki órað fyrir að yrðu þar. Sjónvarpið verður fullt af ofbeldi. Ofbeldið verður svo mikið að fólk mun læra að myrða og eyðileggja hvert annað og það verður hættulegt að ganga um göturnar. Það verður ekki bara eitt í einu í boði í sjónvarpinu, (hún sá árið 1968 að í framtíðinni yrðu fleiri sjónvarpsrásir). Sjónvarpið verður eins og útvarpið, það koma fleiri stöðvar og þær fyllast af ofbeldi. Fólk mun horfa á grófar ofbeldis- og morðsenur sér til afþreyingar og það mun hafa áhrif út í samfélagið. Í sjónvarpinu verða líka sýndar samlífssenu, nánustu athafnir sem fram fara í hjónabandinu verða sýndar á skjánum. (Þetta var 1968 og ég mótmælti þessu og sagði að við hefðum lög sem bönnuðu slíkt). Þá sagði gamla konan: “Þetta mun gerast og þú munt sjá það gerast”. Allt það sem við berum virðingu fyrir verður troðið í svaðið og ósæmilegustu hlutir verða sýndir fyrir augum okkar.

Fólk frá fátækum löndum mun streyma til Evrópu. (Árið 1968 voru ekki innflytjendur í Noregi). Þeir munu líka koma til Skandinavíu og Noregs. Þeir verða svo margir að fólki verður í nöp við þá og það kemur illa fram við þá. Þeir verða meðhöndlaðir eins og Gyðingarnir fyrir stríð. Þá er mælis synda okkar fullur. (Ég mótmælti þessu með innflytjendurna. Ég skildi það ekki þá). Þá streymdu tárin niður kinnar gömlu konunnar. Ég mun ekki sjá það, en þú færð að sjá það. Þá allt í einu kemur Jesús aftur og þriðja heimstyrjöldin brýst út. Það verður stutt stríð. (Hún fékk að sjá það). Þær styrjaldir sem ég hef upplifað eru aðeins leikur í samanburði við þessa og hún mun enda með kjarnorkusprengju. Loftið verður mengað og við getum ekki ræktað jörðina lengur. Og þeir sem lifa af í ríku löndunum munu reyna að flýja til fátæku landanna en íbúarnir þar verða jafn

miskunnarlausir við okkur eins og við vorum við þá. Ég er svo glöð yfir að ég þarf ekki að horfa upp á þetta en hert þú upp hugann og segðu frá þessu þegar tíminn nálgast. Ég fékk þessu vitneskju frá Guði. Ekkert af þessu er gagnstætt því sem Biblían segir okkur. Skoðaðu t.d. Mattheusarguðspjall 24. kaflann og áfram. En sá sem hefur fengið fyrirgefningu synda sinna og á Jesú sem Frelsara sinn og Drottinn er öruggur. “

(Á heimasíðunni www.ljosimyrkri.org má lesa spádóminn í heild.)

Lifið heil og Drottinn blessi þig lesandi góður.

Bróðir og systir.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

„ Ég bið þess, minn elskaði, að þér vegni vel í öllum hlutum og að þú sért heill heilsu, eins og sálu þinni vegnar vel. Ég varð mjög glaður, þegar bræður komu og báru vitni um tryggð þína við sannleikann, hversu þú lifir í sannleika. Ég hef enga meiri gleði en þá að heyra, að börnin mín lifi í sannleikanum. „ (3Jóh 1:2-4)

Drottinn setur ákveðið utan um manninn sem hann vill að hann viti um og gerir sér grein fyrir hvernig er og virkar. Þetta gerir hann til að efla og styrkja manninn á göngunni sem er framundan hjá honum og með sér. Ganga sem verður gleðileg og lærdómsrík en líka erfið á köflum en ávallt fær í Jesú.

Allir sem þekkja Drottinn vita að allskonar ljón mæta mönnum og mótspyrna í mörgum myndum. Einnig munu þeir fá á sig högg frá bæði utanaðkomandi fólki sem og fólki sem stendur þeim nær og höggva í stað þess að hlífa. Ekki er á vísana að róa þarna og því eins gott að menn geri sér sem allra fyrst grein fyrir staðreyndunum og læri fljótt að halla sér að þeim sem hlífa en höggva ekki. Slíkt fólk er sem betur fer að finna í kringum þetta fólk sem gengur á vegi Drottins. Jesú mun sjálfur opinbera fólk sem hann á. Göngum því áfram vegin og mætum því sem þar er óttalaus og með trú í brjósti sem hefur eflst, vaxið og þroskast við hverja raun.

Lesum Sálmu:

„ Helgigönguljóð. Eftir Davíð. Sjá, hversu fagurt og yndislegt það er, þegar bræður búa saman, eins og hin ilmgóða olía á höfðinu, er rennur niður í skeggið, skegg Arons, er fellur niður á kyrtilfald hans, eins og dökk af Hermonfjalli, er fellur niður á Síonfjöll. Því að þar hefir Drottinn boðið út blessun, lífi að eilífu. „ (Sálm 133:1-3) - Hér talar Drottinn um bræður. Maðurinn er ber nema sér bróður eigi að baki. Vinur er annað. Vinir er góður og allir þarfnast sannrar vináttu fólks. Og sem betur fer eiga flestir menn vin. Og vinir geta verið af báðum kynjum. Þetta breytir þó ekki hinu að vinir koma og vinir fara.

Annað gildir um bróðir. Bróðir gefur miklu öflugri tengingu við manneskjuna en vináttan ein og sér fær gert. Af þessu sést að mikilvægara er fyrir trúað fólk að eiga sér bróðir heldur en vin, þótt góður sé. Bróðir berst með bróðir. Bróðir er tilbúin til að fórna sér, ekki þó lífi sínu, Kristur er búin að því og óþarfi að endurtaka það. Bróðir gefur af tíma sínum til hjálpar öðrum bróðir. Þetta gerir bróðir.

Ert þú bróðir?

Er ég bróðir?

Er gott að búa með þér? Er gott að búa með mér sem bróður? Allt eru þetta spurningar sem hver og einn þarf og getur vel svarað fyrir sig. Vel má vera að maðurinn þurfi fyrst að leggjast svolitla stund yfir verkið, en svar mun hann finna og allt fólk veit sjálft hvernig viðmót það hefur og hvernig það er í samfélagi við annað fólk, fáist menn bara til að skoða sjálfa sig í speglinum með það að markmiði að komast að undanbragðalausum sannleikanum. Ekki til að dæma sig sjálfan heldur betrumbæta þar sem þarf. Þegar svo niðurstaðan liggur fyrir þá bara taka menn á því með sannleikanum. Það er farsæl lausn og gefur mannum góðan og ferskan ávöxt og gerir hann hæfan til að vera bróðir, í þá Kristi og eins og Jesú hugsar málið:

„ Vér vitum, að vér erum komnir yfir frá dauðanum til lífsins, af því að vér elskum bræður vora. Sá sem ekki elskar er áfram í dauðanum. „ (1Jóh 3:14)

Allir eru vinir einhvers. En er ég bróðir sem ver bróðir minn að baki og er ég tilbúinn til að taka af honum högg sem að honum er reitt bara vegna þess að ég er bróðir og hann þá bróðir minn? Þetta bróðurhugtak eins og Kristur leggur það fram er nefnilega afskaplega mögnuð hugsun og miklu magnaðri en menn yfirleitt gera sér í hugarlund og getur skipt sköpun um trú og hvort trúin viðhaldist í hjarta manneskjunnar eða hún hverfi á braut og einstaklingurinn sjáist jafnvel aldrei aftur í kirkjunni og er Kristi að eilífu glötuð. Manneskja sem Jesú dó fyrir. Við erum ekki stödd neinum í grínþætti þegar við fjöllum um trú og Jesú Krist heldur í lífinu eins og lífið blasir við öllum mönnum hvar sem er í veröldinni. Og lífið er engin barnaleikur þótt allt of margt fólk hugsi ekki mikið um þetta og leiki sér endalaust með fjöreggið eigið líf sem er svo brothætt og lítið þarf til að slokkni og tortímist að eilífu. Ein vanhugsuð aðgerð og líf er ekki lengur til sem skömmu áður var bæði blómlegt með alla framtíðina fyrir sér en hvarf eins hendi væri veifað. Og fólk veit að fólk er auðsært og þarf að mæta allskonar mótbárum og aðfinnslum án þess kannski að hafa í öllum tilvikum neitt það brotið af sér sem kalli á svoleiðis viðbrögð fólks. Sannleikurinn er að hollt er öllu fólki að vera sér meðvitað um að aðrir styðji það og standi með því þegar mótlætið kemur og höggið kannski þar sem hlífa skildi. Þessu geta allir orðið fyrir.

Hvernig sem er og í hvað mótvindi og átökum maðurinn er er afar mikilvægt fyrir hann að gera réttar ráðstafanir til að ekki falli blettur og hvít klæði Drottins vegna vanhugsaðs verks og rangrar breytni í kringumstæðum. Til að ekki falli blettur á klæði Krists er öll varkárni nauðsýnleg og það sem allt annað á endanum veltur á. á þetta ber að minna því að oft er lífið svo skrítið og kringumstæðurnar svo skringilegar, miskunnarlausar og harðneskjulegar að maðurinn þarf á allri hugsanlegri visku að halda til að steypa sér ekki út í eitthvað sem veldur honum skaða og kemur bletti á Krist, sem hefur alla burði til að leysa manninn og gera frjálstan. Allt svona kallar á trú og meira af trú heldur en minni af henni.

Á þessum stað er bróðir mikilvægur og kannski mikilvægasti hlekkurinn á trúargöngu mannsins fyrir utan hans eigin trú og persónulegt samfélag sitt við Krist. Sem vitaskuld er lykillin að öllu hinu sem við þörfnumst á göngunni:

„ En leitid fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki. „ (Matt 6:33) - Menn hafi forgangsröðina á hreinu. Drottin sér um allt sem að mannum lítur og biður einvörðungu um hjarta sem elskar sig í deginum. Þá opinberar hann honum það sem hann vill að maðurinn fái vitneskju um og gefur skilning þegar réttur tími er fyrir hann að veita opinberuninni móttöku. Einnig það er í hendi og á valdi Drottins.

Drottinn mun koma málum svo fyrir að bróðir muni sína honum samstöðu. Bænin er öflugasta aðferðin sem til er sem Kristnir menn vita um og nota líka óspart. Gerum við allt rétt sem Kristur bíður okkur að gera á þrengingartímum, ekkert mál er að vera trúður í logninu, allir vita þetta, mun Kristur sjálfur mæta og gera það sem þarf í málum, hreinsa til og rétta hlut sinna manna og kemur honum ekki bara heilum í gegn heldur einnig styrkari en áður var.

Rétt er það að trúað fólk á bræður og systur út um allan heim og er tengt inn í fjölskyldu Guðs sem telur milljónir einstaklinga og allir með sama átrúnaðinn í Jesú Kristi. En þetta er ekki það sem átt er við þegar talað er um bróðir eins sett er fram hér. Bróðir er ápreifanlegur. Bróðir stendur augliti til auglitis við þig. Bróðir er eitthvað sem þú getur tekið utan um, talað við, lagt á ráðin með. Og þetta er ekki léttvægt. Á bróðir getur þú treyst. Ekki bara endrum og sinnum. Bróðir er til staðar. Ekki í eigingjörnum tilgangi og ekki til að misnota vináttu fólks. Bróðir er heill í því sem hann gerir. Enda sjálfur með Guð í fyrsta sæti.

Ert þú bróðir?

Er ég bróðir? Bróðir sem Drottinn sjálfur hefur sett fram til aðstoðar öðrum bróðir. Drottinn vill að bæði ég og þú séum bróðir fyrir einhvern.

Sjáið af þessu hvað mörg okkar erum komin langt frá vilja Krists, hugsunum hans og plani. Hve oft höfum við ekki sett upp versta hrosshaus þegar beiðni í einhverri mynd berst okkur frá bróðir og við jafnvel misst allan þrótt frá okkur af samtalinu einu? Þið vitið: " Endalaust kvabb er þetta. " - Þá skal á það minnt að svona breytir ekki bróðir eins og Kristur hugsar bróðir.

Ert þú bróðir?

Er ég bróðir.

Er ég kannski bara bróðir fyrir suma sem ég hef sjálfur valið í kringum mig? Fólk sem mér persónulega líkar við? Slíkt er alltént ekki hugsun Krists um bróðir. Kristur velur hann nefnilega sjálfur handa mér og þér og raðar mönnum sjálfur saman sem hann vill að starfi saman sem bræður. Og það þarf ekki vera sérlega stór hópur og kannski bara tveir menn, þrjú menn, fjórir menn. Frá mönnum í einingu og sama anda mun margt gott koma til góðs og uppbyggingar samfélaginu og kirkju Krists á jörðinni. Víst er um það. Bróðir hugsar hver sé vilji Krists með sig. Hann er jú dáinn holdinu sem einvörðungu er gerlegt í undirgefni og auðmýkt við allan vilja Guðs. Við eigum sem sjá má mikið verk fyrir höndum

„ Þreyið og þér, styrkið hjörtu yðar, því að koma Drottins er í nánd. Kvartið ekki hver vfir öðrum, bræður, svo að þér verðið ekki dæmdir. Dómarinn stendur fyrir dyrum. Bræður, takið spámennina til fyrirmyndar, sem talað hafa í nafni Drottins og liðið illt með þolinmæði. „ (Jak 5:8-10)

Slíkur bróðir elskar Jesú og vinnur óeigingjarnt starf og gefur af tíma sínum án hiks, vols og væls og sér ekki eftir sekúndu af tímanum sem hann ver hvort sem er á akrinum eða inn í kirkjunni sjálfri í vinnu sem snýr að Orðinu. Þegar talað er um vinnu í kringum Orðið er átt við allt sem nær til andlegra þátta kirkjustarfsins en ekki bara verklega þáttarins, sem vissulega er mikilvægur og þarf að vera með. Svona menn má sjá í kirkjunni og þekkja úr fyrir dugnað og óeigingirni. Þeir eru ávallt til taks, ávallt reiðubúnir með þá hugsun eina að Orðið og verk og áhrif Orðsins komist til skila til hungraðra hjartna sem allstaðar eru. Kærleikur Krists knýr slíka menn. Allt komið frá honum sem lifir og dauðinn fékk en gat ekki haldið sökum hreinleika hans og dýrð.

Allir sem elska samfélag sitt og kirkju Krist með réttum hætti hugsa fyrst og síðast um velfarnað samfélagsins í heild en sig sjálfan og eigin metnað sem afgangstærð og eitthvað sem vel má svara síðar. Vitandi sem er að tími er fyrir allt og vel hugsanlegt að Drottinn leggi blessun sína yfir langanir mannsins og þrjár að þessu leiti. En hann krefur manninn ávallt um fyrsta sætið: „ **En leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki.** „ - líkt og svo greinilega má sjá hér.

Já! Bróðir hvetur. Bróðir uppörvar. Bróðir talar ekki hégómaorð, segir særandi- og meiðandi orð í eyru fólks. Bróðir er mildur. Bróðir finnur til með öðrum. Bróðir umber, elskar í kærleika Krists. Bróðir er eitthvað sem við viljum eiga tryggan aðgang að og hafa í kringum okkur. Við finnum styrkinn koma frá honum okkur til góðs. Allt tendrað og nært af trú hjartans sem slær í takt við hjarta Krists. Trúin krefst vinnu og mikið af henni:

„ Vita skuluð þér, að bróðir vor Tímóteus hefur verið látinn laus og ásamt honum mun ég heimsækja yður, komi hann bráðum. Berið kveðju öllum leiðtogum yðar og öllum heilögum. Mennirnir frá Ítalíu senda yður kveðju. Náð sé með yður öllum. „ (Heb 13:23-25) - Svona kveðju sendir bróðir öðrum bróðir vegna þess að hann lætur sér annt um velferð fólks og vill deila gleði sinni til að aðrir geti einnig glaðst yfir sigrinum sem bróðir eignaðist. Sem í þessu tilviki var að sleppa úr þrúnd sem múrar fangelsis bjuggu honum.

Er ég bróðir og læt mig einhverju skipta afdrif manna og kvenna? Kristur gerir það.

Ert þú bróðir?

Drottinn lauk upp fyrir höfundu hvað bróðir er eftir að hann sem einn af djáknunum hafði beði með öðrum djáknum í kirkjunni sem hann sjálfur tilheyrir, og bróður sem gegnir öðru verki innan safnaðarins og sinnir þar tæknimálum. Þá kom þessi hugsun til hans að mennirnir í kring væri allir bræður. Og þetta orð bræður var þrungid þvítíkri merkingu að hugsunin um bróðir fékk á sig allt annan og merkilegri blæ en áður. Þessir menn höfðu allir og oft sýnt af sér fórnfýsi og ekki talið eftir sér að leggja mikla vinnu á sig og reyndar alla vinnu sem til þurfti án þess raunverulega að biðja um neitt í staðinn nema að fá að þjóna í sinni köllun. Þessir menn höfðu oft staðið við hlið höfundar og stutt hann og voru svona á sinn hátt stóðir og bakhjarlar á trúargöngunni og raunverulegir bræður eins og Kristur setur þetta fram. Öll þörfnumst við slíks stuðnings. Og betri er bróðir í nálægð en í fjarlægð.

Hverjum öðrum ber dýrðin nema Kristi sem svo hefur búið um hnúta og stillt þessu svona upp? Á slíkri stund er auðvelt að fyllast auðmýkt yfir því að eiga slíka bræður og vera sjálfur hluttakandi og stoð sem byggir trúarlíf annarra manna upp. Drottinn sýndi alla fjóra sem þarna báðu saman sem eina heild. Stórmerkilegt.

Trú höfundar er að Kristur vilji opinber þetta í ríkara mæli inn í kirkjunum svo menn sjái svart á hvítu hverjir eru bræður eins og Drottinn sjálfur setur þá fram. Drottinn sér fólk oftast nær öðrum augum heldur en ég og þú gerum.

Allir geta orðið bróðir og Drottinn getur notað alla sem ekki eru uppfullir af sjálfum sér og vilja að allt snúist um sig og sitt. Drottinn er að leita að mönnum sem eru tilbúnir til að beygja sig í undirgefni við Orðið og vilja Guðs. Ég og mitt hugsun á ekki upp á pallborðið hjá Drottni og hindrar manninn stórlega á trúargöngunni og því að ná árangri í sinni trú, eins og allri menn vilja í raun og líka ættu að stefna markvist og hiklaust að og vera þá tilbúnir til að kasta frá sér því sem hindrar vöxtinn. Sem getur verið ýmislegt. Og eitt er að vera uppfullur af sjálfum sér. Slíkur maður hefur ekki mikið borð fyrir báru sem Drottinn getur nýtt. Einskis nýtu hlutunum þarf að kasta út og þá hækkar borðið sjálfkrafa og meira pláss verður fyrir Drottinn til að starfa í.

Bróðir hefur dáið egóinu og skapað með því rúm í sér sjálfum sem Drottinn getur umbreytt í kærleika og blessun fyrir aðra. Svona getur einvörðungu gerst ef maðurinn velur Krist fyrst í deginum og lætur allt annað vera númer tvö og þar fyrir neðan hjá sér.

Menn taka eftir því að orðið systir er ekki nefnt fyrr enn núna. Ástæðan er að slíkt er í raun óþarfi vegna þess að systir gegnir sama hlutverki og hugtakið bróðir eins og efnið er hér sett upp. Konur

eru mörgum mikil stoð og engu minni stoð á trúargöngunni heldur en karlar. Þannig að þetta á við um bæði kynin.

„ **Ég fel yður á hendur Föbe, systur vora, sem er þjónn safnaðarins í Kenkreu.** Veitið henni viðtöku í Drottni eins og heilögum hæfir og liðsinnið henni í hverju því, sem hún þarf yðar við, því að hún hefur verið bjargvættur margra og mín sjálfs. „

(Róm 16:1-2)

Guð blessi þig lesandi góður. Amen

Bænin brýtur okið.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Bæn! Brýtur hlekki, mölvar veggi í smátt, í duft. Ryður braut fyrir áætlun Guðs í mannheimum. Styrkir hjarta manneskjunnar, eykur henni visku og djörfung, gefur henni kraft þegar hún ætlar að hníga. Læknar sjúka. Heldur utan um ástvini og fjölskyldur. Er ómissandi þáttur í trúarlífi kristins manns. Er af Guði gefin.

Án bænar gerist ekkert og stöðnunin verður hlutskipti fólks í þessum sama mannheimi. Stöðnun í hvað mynd sem er er ekki ásættanlegt hlutskipti og fráleitt vilji Guðs með líf nokkurs manns. Reglulegt bænarlíf breytir myndinni:

„ **Og hann sagði við þá: Hví sofið þér? Rísið upp og biðjið, að þér fallið ekki í freistni.** „ (Lúk 22:46)

Allt trúað fólk biður misjafnlega mikið. En stundum er beðið í tíma og ótíma og þá kannski mest innra með sér. Gagn er að öllu bænafélki fyrir lífið á jörðinni. Bænin snertir hjarta lifandi Guðs. Höfum þetta hugfast.

Bænin er mikilvæg. Satan hatar bænina og biðjandi manneskju meira heldur en hann sem minna biður og jafnvel ekkert. Sá sem ekki biður er ekki mikill ógn í augum skelmisins. En öllum trúuðum ber að vera ógn og standa í gegn áformum Satans. Vitandi sem er að áform hans eru vond og ill. Þetta segir okkur margt um mikilvægi bænarinnar fyrir trúarlíf mannsins.

Fáir gera sér grein fyrir gríðarlegum kraftinum sem í bæn trúaðs manns/konu leynist. Ekkert stenst ógnarkraft bænarinnar og vilji Guðs nær fram að ganga. Allt sem reynir að hindra fýkur burt eins og þurrt bréf í sterkum vindi. Fyrirstaðan, hver sem hún er, feykist út í buskann og hverfur án minnstu fyrirhafnar og möguleika á að standa af sér bænastorminn sem æðir fram við bæn frá trúuðu hjarta sem elskar Jesú. Mikill kraftur. Já og meira en það. Ógurlegur kraftur sem ekkert getur hindrað í að ná fram og blessa, eins og bæninni er ætlað.

Einhversstaðar í mannheimum, á bak við luktar dyr var biðjandi trúuð manneskja full af elsku til Guðs í sínu hjarta sem hjarta Guðs hreinlega stenst ekki. Og Drottinn fer af stað og bænammannskjan fær sína bænheyrslu. Bænheyrslunni fylgir gleði og er trúarstyrkjandi og gefur manningnum þrek til að stíga næsta skref á vegferðinni með Drottni. Og svo kol af kolli. Allt með sinn ákveðna tilgang sem lyftir upp nafni Jesús í mannheimum.

Manneskja sem gerir sér grein fyrir því hvar krafturinn á heima og að hægt sé að virkja þennan kraft gegnum bænina er til heilla og blessunar öllu lífi á þessari jörð. Af biðjandi einstaklingi er sannarlega mikið gagn. Okkur ber að þakka Guði fyrir hvern mann/konu sem biður og lætur ekki af að hrópa upp í himinn Guðs, hvort sem er í tungum eða á venjulegan máta. Já, við getum beðið og talað svokallað tungutal sem er himneskt mál sem engin skilur nema Guð gefi mannum opinberun á orðunum sem töluð eru í tungum. Tungutalið er merkilegt og hluti af því að vera kristinn manneskja. Allir geta eignast tungutal. Eins og allt gott er gjöf frá Guði þá er tungutal það einnig.

Höfundur vill nú koma með vitnisburð sem kom af bæn sem hann eitt sinn bað krjúpandi við sviðið í kirkjunni sinni ásamt fjölda annarra manna og kvenna sem einnig krupu og báðu. Hann var ekki fyrr byrjaður að biðja en eldingar og þrumur brutust inn í þétt myrkrið framundan af bæninni og ollu þvílíkum usla hjá þeim sem þar voru, andaverur vonskunnar, að hreint ótrúlegt var. Á bænum þeim myndaðist alger glundroði og þeytingur, handapat og hlaup og skelfing sem greip um sig. Allar áætlanir sem þar var búið að gera og voru klárar til framkvæmdar riðluðust og ónýttust og allskonar svoleiðis hlutir. Bara af einni lítill bæn frá ósköp venjulegri manneskju sem vart var byrjuð með öllum sínum gríðarlegu áhrifum inn í andaheiminum, þar sem allt myrkrið býr og hefur hreiðrað um sig.

Þetta var mikil upplifun og gerist, bræður og systur, í hvert sinn sem maður eða kona biðja hvort sem er saman eða í sitt hvoru lagi. Bænin, löng eða stutt bæn skiptir ekki máli, veldur þvílíkum usla í heimi andavera vonskunnar að útilokað er að gera sér grein fyrir áhrifunum nema Drottinn sjálfur opinberi mannum afleiðingarnar og um leið gagnsemina fyrir allt líf á jörðinni. Allar áætlanir Satans og ára hans og þúka miða að því einu að stela, slátra og eyða. Annað markmið hefur sá skelmir nú ekki:

„ Og Satan svaraði Drottni og sagði: Nær er skinnið en skyrtnan, og fyrir líf sitt gefur maðurinn allt sem hann á. En rétt þú út hönd þína og snert þú bein hans og hold, og þá mun hann formæla þér upp í opið geðið. Þá mælti Drottinn til Satans: Sjá, veri hann á þínu valdi, en þyrma skalt þú lífi hans. Þá gekk Satan burt frá augliti Drottins og sló Job illkynjuðum kaunum frá hvirfli til ilja. „ (Job 2:4-7)

Hér kemur tilgangur Satans vel fram og allur þessi eyðileggingarmáttur sem hann er haldin af. Hans eina markmið er að kvelja manninn, smána hann og alla hliðar og kanta og tortíma honum. Hverjum sem er. Samningar við Satan eru ekki pappírins virði. Enda miskunnarlaust afl sem svífst einskis og nær sínu fram með lygum og blekkingum. Þarna sjáum við líka vel hvers virði það er fyrir okkur mennina að njóta verndar Drottins. Og til að vera örugg þarna þarf að játa Jesús með munn sínum og trú á hjarta sínu og þessi vörn er gegnheil og sífellt virk með engum götum á. Komi göt á hlífðarbúnaðinn má rekja þau til vantrúar mannsins og að hann gætti ekki stöðu sinnar og vanrækt samfélag sitt við Drottinn sem hann þó játaði hollustu sína við frami fyrir altarinu og augliti Guðs.

Satan er enn á jörðinni og vinnandi sömu ósvinnu og áður. Hann lætur einskis ófreistað. Og þar sem hann getur höggið, tætt og rífið þar líka er hann og hættr ekki fyrr heldur en bænin berst til Drottins sem þá fer og stöðvar þennan háskalega leik. Ef leik skyldi kalla. Málið hjá Satani og englum hans er að stela, slátra og eyða, líkt og áður kom fram.

Já bræður og systur! Satan er með engla í sinni þjónustu og alla illa. Í Biblían nefndir illir andar. Illir andar blekkja fólk, ljúga að fólk og hafa uppi ýmis áform um að afvegaleiða fólk sem Drottinn dó fyrir. Allt til að fólk leiti ekki á náðir hans sem dó fyrir syndir þeirra og getur gert hólpíð. Mjóa veginn til lífsins finna fáir en breiðstræti glötunarinnar er augljóst öllum sem enn lifa í syndum sínum með í raun bundið fyrir augun og ekki vitandi hvert sú gata leiðir fólk en er samt glötunarstræti. Svona talar Biblían um þessi mál. Og þökk sé Biblíunni sem flytur okkur sannleika lifandi Guðs og þökk sé öllum sem hrópa nafn Jesús og láta ekki af.

Bænin réttir af stefnuna hjá mörgu fólki sem þó þekkir ekki ennþá Guð. Það veit ekki um hinn trúfasta fyrirbiðjanda sem er óþreytandi og biður stöðuglega fyrir viðkomandi á bak við til að mynda lokaðar dyr um vernd Drottins og varðveislu honum eða henni til handa sem bundið er af rangri kennslu og þvættingi og ofan á syndina bætt og er helsta ástæðan fyrir að fólkið gengur um ráðalaust og áttavillt í mörgum málum en gæti verið með allt sitt á þurru landi og í föstu formi og ráð undir hverju rífi með því einu að horfa til Guðs, trúna á Jesús Krist sem er bænheyrandi Guð og elskar að koma inn í öll málefni fólks.

Já vinir. Sá sem syndgar bætir stöðugt ofan á sína synd. Í hvert skipti sem synd er drýgd bætist við hana sem fyrir er. Og haldi syndin áfram í lífi einstaklingsins verður til stórt fjall gert úr synd. Munum að það bætist ofan á syndina. Fjall af syndum er engin léttavara. Hversu margir skildu hafa bugast af sínum syndum?:

„ Vei hinum þverúðugu börnum segir Drottinn. Þau taka saman ráð, er eigi koma frá mér, og gjöra bandalag, án þess að minn andi sé með í verki, til að hlaða synd á synd ofan. Þau gjöra sér ferð suður til Egyptalands án þess að leita minna atkvæða, til að leita sér hælís hjá Faraó og fá sér skjól í skugga Egyptalands. „ (Jes 30:1-2)

Hér sjáum við að stöðugt bætist við syndina.

Við þörfnumst frelsara sem bar í burtu alla þessa andstyggilegu synd sem skekkt hefur allt mannlíf og gert að bastarði. Aðeins í Kristi breytist þetta og Guð snýr sér aftur að mannum og tekur hann að sér og hleypir honum inn í sitt rann þar sem hann nýtur alls sem þar er fram borið. Enda orðin heimamaður Guðs og ekki lengur útlendingur í hans augum.

Allri synd vill Kristur svipta burt og setja í gleyskunnar haf og minnast aldrei framar á. Jafnvel syndalíf sem orðið var að ristastóru fjalli í lífi mannsins breytir engu fyrir Krist. Hann bara tekur þetta úldna og daunilla fjall og fjarlægir jafn auðveldlega og við fjarlægjum tómann pokaskjatta og loftið hreinsast í kringum manninn og hann finnur til frelsis í kannski fyrsta skipti á ævinni.

Annar vitnisburður sem höfundur langar til að koma fram með: Eitt sinn fyrir mörgum árum var höfundur staddur á samkomu í stórum söfnuði erlendis og var á þessari stund boðið fram til frelsis, eins og yfirleitt er gert á kristilegum samkomum. Fjöldi manns kom fram og vakti það athygli hans er ung kona skyndilega tók sig út úr hópnum við sviðið þar sem athöfnin fór fram og byrjar að hlaupa um salinn, lyftandi höndum sínum til himins og lofandi Guð í þakklæti sínu og fögnuði yfir því að vera nú orðin frelsað Guðs barn, eins og merkilegum atburðinum er stundum lýst. Hver saga hennar er eða bakgrunnur veit höfundur ekki um og fær líklega aldrei að vita. En ljóst er að byrðum var af henni létt sem kölluðu á þessi yndislegu og óvenjulegu viðbrögð.

Er annað hægt heldur en að gleðjast þegar menn verða vitni að slíkum stór atburði í lífi fólks er heilt fjall af niðþungum syndabyrðum hverfur burt og er ekki lengur íþyngjandi staðreynd í lífinu og manneskjan upplifir sig frjálsa sem fuglinn? Mikla hörku þarf til ef slík stund snertir ekki hjarta manneskjunnar á neinn hátt. - Þetta getur Jesús gert og er ástæðan fyrir að við sem erum á akrinum í dag höldum góða verkinu áfram og látum ekki erfiðleikanna buga okkur. Enda meira í húfi heldur en svo að tilfinningasemi og uppgjafartónn fái stöðvað framrás Orðsins:

„ Þar var þá kona nokkur. Í átján ár hafði hún verið haldin sjúkleiks anda og var kreppt og alls ófær að rétta sig upp. Jesús sá hana og kallaði hana til sín og sagði við hana: Kona, þú ert laus við sjúkleik þinn! Þá lagði hann hendur yfir hana, og jafnskjótt réttist hún og lofaði Guð. „ (Lúk 13:11-13)

„ En þessi kona, sem er dóttir Abrahams og Satan hefur fjötrað full átján ár, mátti hún ekki leyst verða úr fjötrum þessum á hvíldardegi? „ (Lúk 13:16)

Jesú setur aðeins eitt skilyrði. Að maðurinn játi með munnum og trú með hjartanu. Það er allt sem hann fer fram á. Með jánunni verður maðurinn líka hólpinn og hans bíður örugg vist í ríki Guðs á himnum. Játurn mannsins, einstaklingsins, þarf, sem sagt, að koma til. Jesú fyrirgefur syndir. Bænir mannsins leiða hinn synduga til Krists sem mætir honum sjálfur og dregur viðkomandi yfir línuna sem dreginn er á milli lífs og dauða og maðurinn er kominn yfir til lífsins. Einfald. Ekki flókið. Vegurinn til lífsins og ríkis Guðs á himnum er ekki bara til heldur er hann líka vel fær í Kristi:

„ Jesús svaraði þeim: Verið ekki með kurr yðar á meðal. Enginn getur komið til mín, nema faðirinn, sem sendi mig, dragi hann, og ég mun reisa hann upp á efsta degi. „ (Jóh 6:43-44)

„ En þeir urðu steini lostnir og sögðu sín á milli: Hver getur þá orðið hólpinn? Jesús horfði á þá og sagði: Fyrir mönnum eru engin ráð til þessa, en fyrir Guði. Guð megnar allt. „ (Mark 10:26-27)

Hér kemur skírt fram að maðurinn, ég og þú, er ráðalaus og hefur engin úrræði þegar kemur að því að frelsa mann. Maður getur engan mann frelsað. Hann hins vegar getur beðið og bæninn snertir hjarta Drottins sem fer af stað. Og hann getur lifað kristnu lífi og orðið öðrum þannig séð fyrirmynd með góðri hegðun sinni og annað í þeim dúr. Jesús er bænheyrandi Guð. Bænir er í alla staði gagnleg. Sá sem ekki vill biðja og hefur enga trú á bæn né reglulegu bænarlífi að efast má um að slíkur einstaklingur sé kristinn. Við blekkjum okkur ekki heldur tökum Biblíuna og allt sem hún segir alvarlega. Og við biðjum. Það er okkur boðið að gera og þar liggur ákveðin leyndarfróður sem máski ekki allir skilja en allir geta samt trúað. Við biðjum og fáum bænheyrslu vegna þess að við báðum Engin bæn. Engin bænheyrsla og engin sigur af bæn sem aldrei var beðin. Þú og ég þurfum miða til að vinna í Lottó eða í happadrætti. Miðin er frumskilyrði. Hann þarf að koma fyrst. Ekki satt? Þetta skiljum við mjög vel.

Og hér komum við að mikilvægi trúarinnar. Trúin bindur enda á öll andmæli og við förum að trúa þótt við skiljum ekki allt sem við til að mynda lesur í heilagri bók Biblíunnar. Trúin mannsins er velþóknanlegt í augum Guðs. Á trúnni getur Drottinn svo heilmikið byggt í lífi mannsins sem verður honum til styrkingar og góðra hluta í framtíðinni. Sem er eftirsóknarvert.

Ekkert er of stórt né heldur of lítið þegar Drottinn er annars vegar. Hann lítur á öll málefni sem maðurinn glímir við veit þau sem hann ekki skilur verða fyrir honum risavaxin þótt einhverjum kunni að finnast fátt um. Það sem einum kann að reynast létt afgreiðsla er öðrum gersamlega um megn. Þetta er ástæðan fyrir að Drottinn kemur inn í málin hjá mannum með lausn sem er góð lausn og leysir málið og um leið hugsanlega hlekkir sem maðurinn var með vafða utan um líf sitt vegna togstreitunnar og áhyggna sem verkefnið olli. Drottinn er úræðagóður Guð sem á þá einu ósk að maðurinn sé sæll og glaður en veit líka að slíkt getur fráleitt gerst með hann sjálfan standandi hjá og hafandi ekki leifi mannsins til að koma inn með sín smyrsl sínar og umbúðir sem græða og bæta það sem hefur farið úrskeiðis. Heimurinn er vondur og dagarnir eru sömuleiðis vondir. Enda skiljanlegt með það til hliðsjónar að heimurinn lítur Satani.

Öndvert við Satan er algóður Guð sem maðurinn skal keppast eftir að vera undir verndarvængnum hjá og halda frið við bræður sína og systur sem hann þarf svo oft að leita til og fá styrk hjá. Óeining milli bræðra og systra merkir að ófriður ríkir og hinn særði hermaður hefur misst skjól sitt og í engin hús að venda. Allt svoleiðis er ósættanleg staða fyrir kristið fólk.

Ábyrgð hvílir á okkur gangvart hverju öðru. Við erum verði keypt. Blóð Sonar Guðs leysti okkur undan óborganlegri byrði syndarinnar með því að hann gaf líf sitt sjálfviljugur á krossinn. Og er þá til of mikils mælt að allar áskanir og ávítur út í bláinn hætti hjá kristnu fólk og í stað ásakanna og ósættis komi upp sönn vinátta og fyrirgefning sem er lykillinn að sannri vináttu og að eitthvað nýtt hefjist í samskiptum fólks? Þarna geta allir gert betur. Allir geta sýnt öðrum meiri kærleika og meiri

skilning á því sem hann er að ganga í gegnum og komið inn með hjálpanði hönd sem kannski aldrei var rétt fram vegna þess að áhugann skorti eða hugsunarleysið var algert.

Við sjáum að bænin verður að vera til staðar sem eykur okkur kærleika hvert til annars og umfram allt trú. Við vitum að hvert og eitt okkar glímum glímu oft og illviðráðanlega og erum þannig séð öll á sama báti og ekki lagt meira á einn fremur en annan:

„ Verið algáðir, vakið. Óvinur yðar, djöfullinn, gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleypt. Standið gegn honum, stöðugir í trúnni, og vitið, að bræður yðar um allan heim verða fyrir sömu þjáningum. - En Guð allrar náðar, sem hefur kallað yður í Kristi til sinnar eilífu dýrðar, mun sjálfur, er þér hafið þjáðst um lítinn tíma, fullkomna yður, styrkja og öflugna gjöra. Hans er mátturinn um aldir alda. Amen. „ (1Pét 5:8-11)

Hér kemur berlega fram hver óvinur mannsins er og að ekki sé lagt meira á einn heldur en annan. Allt kristið fólk er undir og glímandi við sama óvin. Ef við náum að standa saman og vera skjól hvort fyrir annað hvílíkur sigur yrði það ekki fyrir kirkjuna í heild. Svona verðum við að hugsa. Við verðum að vera með það á hreinu að særður hermaður Krists þarf að geta leitað á náðir safnaðarins til að hljóta hvatningu og umfram allt vináttu þeirra sem fyrir eru. Sár hermansins eru yfirleitt innra með honum og öðrum oftast nær ósýnileg. Vináttan innan raða safnaðanna er svo mikilvæg öllu kristnu fólki sem getur þó ekki orðið af ef tortryggni og efi ræður öllu saman við og innanum endalausar ásakanir. Við erum öll á sama báti, svo að það sé aftur endurtekið.

Lítum á hvort annað sem trúað fólk og skoðum okkar eigin trú og trúum að aðrir eigi ekki minni trú. Allt endurfætt fólk elskar Jesús.

Tökum háttskipti hugarfarsins og höldum hugsunum okkar hreinum þegar kemur að öðrum safnaðarmeðlimum. Hverjum sem er. Drottinn fer að koma. Málið er að vera hreinn frami fyrir honum. Þessum þætti málsins skal ekki gert lítið úr. Enda mikilvægur.

Guð blessi lesandann og gefi honum allan hugsanlegan frið í hjartað. Amen.

Drottinn miskunnar

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

„ Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists, faðir miskunnsemdanna og Guð allrar huggunar, sem huggar oss í sérhverri þrenging vorri, svo að vér getum huggað alla aðra í þrengingum þeirra með þeirri huggun, sem vér höfum sjálfir af Guði hlotið. Því að eins og þjáningar Krists koma í ríkum mæli yfir oss, þannig hljótum vér og huggun í ríkum mæli fyrir Krist. „ (2Kor 1:3-5)

Þegar Drottinn opnar munn sinn er það til að leggja inn blessun og bæta mannlífið og gera betra. Drottinn er ekki afskiptasamur Guð sem öllum stundum er með fingurinn í hlutunum og skiptandi sér af einu og öðru sem mannum viðkemur. „ Gerðu þetta svona. Gerðu þetta hinn seginn. „ Guð er miskunnsamur og treystir mannum þótt honum sé fullkunnugt um brokkgengi og óáreiðanleika hans, einkum og sérílagi gagnvart sér.

Já, þetta kann að hljóma ankannalega í eyrum einstakra manna en breytir ekki því að Guð treystir mannum. Setti hann ekki Adam og Evu yfir allt sitt sköpunarverk og kom því fyrir í Eden til síns

hlutverks í þessum garði þótt hann vissi um frjálstan huga sem þau áttu til og gátu notað að vildi sinni, og líka gerðu? Jú og Guð hefur ekkert breyst.

Hefur hann tekið þetta frá manningnum og breyttist þessi skipun eftir að út í heiminn var komið og syndin orðin veruleiki í lífi fólksins og þau komin út fyrir girðinguna sem umlukti Eden? Nei. Guð hefur talað og Orð hans standa og maðurinn hefur enn hlutverki að gegna í sköpunarverkinu.

Það sem hins vegar gerðist með syndafallinu var að Guð kom strax inn með nýja áætlun sem frá upphafi miðaðist við að gefa manningnum færa leið heim eftir sitt alvarlega brot við skilningstré góðs og ills sem stóð í miðjum garðinum og var það eina sem fólkið mátti ekki eta af. Öll önnur tré og jurtir í garðinum voru þeirra sem þau máttu nýta sér að vild sinni. Og björgunaráætluninni var hrint í framkvæmd en allt á Guðs tíma.

Ráðsmennskan sem hann fékk manningnum er enn í gildi. Drottinn treystir þessari sköpun sinni og meinar það sem hann segir. Orð Drottins eru eilíf og endanleg og ævinlega í gildi. Ekkert fær því breytt og eins gott fyrir manningnum að hreinlega viðurkenna staðreyndir og beygja sig í auðmýkt fyrir Orðinu hans og keppast eftir að fara eftir því í sínu lífi. Og kennum við ekki inn í kirkjunum að Orð Guðs sé áreiðanlegt? Jú, við gerum það:

„ Þá tók Drottinn Guð manningnum og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans. Og Drottinn Guð bauð manningnum og sagði: Af öllum trjám í aldingarðinum máttu eta eftir vild, en af skilningstrénu góðs og ills mátt þú ekki eta, því að jafnskjótt og þú etur af því, skalt þú vissulega deyja. „ (1Mós 2:15-17)

Eru þessi Orð eða hluti þeirra fallin úr gildi? Nei, þau eru það ekki.

Og:

„ Syngið honum nýjan söng, knýið strengina ákaft með fagnaðarópi. Því að orð Drottins er áreiðanlegt, og öll verk hans eru í trúfesti gjörð. Hann hefir mætur á réttlæti og rétti, jörðin er full af miskunn Drottins. Fyrir orð Drottins voru himnarnir gjörðir og öll þeirra þrýði fyrir anda munns hans. „ (Sálm 33:3-6)

Og enn:

„ Því að orð Drottins er áreiðanlegt, og öll verk hans eru í trúfesti gjörð. „ (Sálm 33:4) Fallegt, hughreystandi og trúarstyrkjandi ekki satt og eitthvað sem vel má hvetja fólk til að læra utanbókar og þylja upp með sér sjálfu þegar við á? Sem er oft.

Svona talar Orðið. Guð kom inn með kennslu sem segir manningnum hvernig lífi hann skuli lifa en ekki til að skipa og skamma og vera með aðfinnslur, tortryggni, ásakanir, endalausar refsingar út í eitt heldur til að fólkinu vegni vel og sé hamingjusamt alla sína fánýtu ævidaga. Heimurinn er og verður nefnilega áfram hégómi. Kirkjan er hið eina sem er þess vert að berjast fyrir og eyða af tíma sínum í.

Guð mætir manningnum í Jesú og maðurinn fær annað viðmið en hann áður hafði og markmið til að keppast að sem felst fyrst og fremst í að vera undirgefinn Orði hans og lifa í hlýðni við þetta stórfenglega Orð sem stendur allt af sér og er öruggt og traust fyrir líf mannsins.

Rétt er það að kennsla sem engin veitir athygli né framgengur í er engum manni til gagns. Ekki merkir þetta þó hið sama og að kennslan sé svona léleg og innihaldsrýr heldur er maðurinn ekki tilbúinn til að veita kennslunni sína athygli né að meðtaka hana fyrir sitt líf. Og kennslan sú arna megi nýtist honum ekki. Sem er annað mál. Kennsla Guðs byggir alltaf á hlýðni mannsins og trú

hans. Trúin er alltaf skilyrðið þegar kemur að þætti lifandi Guðs sem maðurinn getur ekki séð með augum sínum en er samt þarna: „ **Guð er andi, og þeir, sem tilbiðja hann, eiga að tilbiðja í anda og sannleika.** „ (Jóh 4:24) –

Drottinn er ekki til umræðu um breytingar á því sem hann hefur að segja. Enda ekki maður heldur Guð. Sannur Guð.

Allt ber að sama brunni í Guði. Annaðhvort meðtaka menn Orðið eða þeir hafna því. Eini valmöguleikinn sem við fáum er að meðtaka eða snúa baki í. Að breyta öðruvísi er ekki í boði. Kann að virðast hart en svona er þetta. Allir mega hafa skoðanir og skoðanir fólks eru margvíslegar og menn halda á lofti bæði góðum og vondum skoðunum. Drottinn virðir skoðanir okkar. Svo sannarlega gerir hann það. Guð er góður Guð. Munum samt að Jesú beygir sig ekki fyrir því sem ég og þú erum að halda fram og mun því ekki beygja út af Orðunum sem hann hefur þegar talað og skráð eru í bók bókana Biblíunni. Þau standa hvað sem hver segir. Kirkjan getur ekki breytt neinu í Orðinu né heldur hefur hún til þess heimild frá Drottni. Ekki einum stafkrók. Geri hún það eru gerðar breytingar markleysa og gilda ekki frami fyrir almáttugum Guði en valda líklega skemmdarverki á trúarlífi hrekklausra manna sem lærir breytingarnar og ganga svo í villu. Orðið er skírt. Þökkum Guði fyrir að hann vakir sjálfur yfir Orði sínu. Látum Orðið því bara vera eins og það kemur fyrir og keppum þess í stað eftir að bera það rétt fram. Það er Drottni velþóknlegt.

Drottinn veit vel hvað hann hefur sagt og einnig að Orðin hans virka og að allt fólk sem tekur við þeim í trú mun þegar upp er staðið vegna betur en hinum sem neitaði og fór eigin leiðir og lenti með líf sitt í ófærð og vegleysum. Við endir daganna, er málin verða gerð upp mun munurinn koma í ljós.

Þá sjá menn hversu hrópandi og augljós hann er. Maður sem hefur Orðið og framgengur í sínu lífi í trú í hjartanu mun ávallt hafa vinninginn yfir hinn sem ekki vildi Orðið né hafa neitt með það að gera:

„ Þá munuð þér aftur sjá þann mismun, sem er á milli réttláts manns og óguðlegs, á milli þess, sem Guði þjónar, og hins, sem ekki þjónar honum. „ (Mal 3:18)

Já, bræður og systur. Það verður gert upp og þá er betra að vera réttu megin við línuna og er vel gerlegt. Við höldum okkur bara þétt upp við Jesú og látum ekki hugsýkina menga hvorki huga okkar né hjarta og ferðin til endimarkanna heldur áfram á jöfnum og góðum hraða.

Fyrsta fólkið fékk sína kennslu beint frá Föðurnum sem daglega gekk með því í kvöldsvalanum. Ein fyrsta kennslan, kannski var hún sú fyrsta, lásum við hér ofar og finnum í 1 Mósebók, öðrum kafla.

Guð þótt góður sé miskunnsamur og kærleiksríkur og afskaplega umburðarlyndur ætlaði sjálfum sér frá fyrstu tíð stað í lífi fólksins og bjó sjálfum sér sjálfum sæti í hjarta hvers einstaklings sem fæðist á jörðinni fyrir sig og sinn Heilaga Anda. Þetta hefur ekkert breyst og er afskaplega merkilegt og gerir trúboð, kristniboð, kennsluna, predikunina og annað safnaðarstarf og kirkjustarf svo áhugavert. Orðið talar svona.

Eftir syndafallið verður þessi vernd og nærvera Drottins á hinn bóginn ennþá augljósari og líka lífsnauðsynlegri öllum mönnum þegar máttur illskunnar hefur opinberast, líkt og gerðist og allt þetta niðurbrot, lygi og blekkingar í lífi fólks urðu að veruleika. Fólkið varð strax varnarlaust gegn ágangi hins illa og er það enn. Í Jesú og með trú sinni og Orðið tendrað og viðhaldið í hjartanu fær fólkið alla vernd og getur komist klakkalaust í gegnum sitt líf sem útilokað er að gerist vilji menn ekkert með Jesú hafa, hvorki kennslu hans né boðskapinn sem hann flutti með sér til jarðarinnar. En afstaða fólks, hver sem hún svo er, breytir ekki því sem Jesú hefur þegar sagt. Orð hans standa eftir sem lausn fyrir mannanna börn sem allir geta eignast sem vilja og er ástæðan fyrir að Orðið gengur sífellt út og verður ekki stöðvað. Jesú vakir yfir orðinu og boðuninni. Of mikið er í húfi til að hann geti treyst öðrum en sér sjálfum fyrir þessu. Þetta sjáum við ef við skoðum alla sem hafa stigið til hliðar

og lagt niður vopnin eða þá aldrei stigið fram til verka og starfa á akrinum þótt Orðið segi hann hvítan til uppskeru. Og hví stigu þeir til hliðar? Vegna þess að lífið er hart og oft óvægið og elskar ekki ávallt sannleikann né heldur að halda því sem sannara reynist á lofti. Aðrir gefast hreinlega upp af í raun sömu ástæðu. Harðneskju lífsins.

Allar hindranir á boðun Orðsins eru í raun og veru runnar undan rifjum heimsvættanna sem þegar eru dæmdar til eilífrar smánar og eiga engan kærleika til og byggja allt sitt á lygum og þeim miskunnarlausum og háskalegum. Þetta vill segja okkur og líka kenna að baráttan sem við eigum í er ekki við menn, hold og blóð, heldur tignirnar og völdin, við andaverur vonskunnar í himinn geimnum. Hve oft föllum við ekki í þá gryfju að koma gegn fólki þegar allt okkar afl í Kristi ætti að beinast gegn illskunni sem í Satani býr og Orðið og bænin ein fá hrakið undan okkur? Í þessum þáttum liggur sigurinn. Með þessum aðferðum er hann vís og sigursveigurinn okkar höndum, hinna trúuðu Krists. Við vitum að Satan notar því miður oft kirkjunnar fólk til sinna illskuverka þegar slíkt færi gefst. Og sökum þess hversu margri eiga til veika trú og eru bundnir af óuppgerðum þáttum úr fortíðinni tekst honum þetta allt of oft:

„ Þér voruð, bræður, kallaðir til frelsis. Notið aðeins ekki frelsið til færís fyrir holdið, heldur þjónið hver öðrum í kærleika. Allt lögmálið er uppfyllt með þessu eina boðorði: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. En ef þér bitist og etið hver annan upp, þá gætið þess, að þér tortímist ekki hver fyrir öðrum. En ég segi: Lifið í andanum, og þá fullnægið þér alls ekki girnd holdsins. „ (Gal 5:13-16)

Þegar öll kurl komast til grafar snúast átökin ekki og aldrei um fólk heldur skelminn sjálfan sem Biblían segir að heiti Satan.

Drottinn veit vitaskuld um allan eyðingarmátt syndarinnar og hver er höfðingi heimsins og einnig að hann var rúinn öllu og fylltur illsku og vonsku og varpað þannig niður til jarðarinnar fullur af allri þessari viðurstygð. Þetta er aflið sem ræður heiminum og hefur gert allar götur síðan syndafallið gerðist og Guð neyddist til að vísa fólkinu út úr Paradís sem hann sjálfur útbjó og ætlaðist til að fólkið yrði bara í og nyti lystisemdanna sem garðurinn byði upp á en missti allt þetta og varð vísað inn í hræðilegt umhverfi sem það raunverulega sjálft valdi að vera í án þess að gera sér í hugarlund hvað það var búið að kallað yfir sig. Syndin er lúmsk. Vissu menn allar afleiðingar syndarinnar fyrirfram hver myndi þá syndga? Ekki nokkur maður. Þess vegna göngum við með Jesú í deginum. Hér og nú. Í þessu fellst viska.

Hvernig má virkja varnakerfin og hafa allar girðingar heilar og heldar? Með því að vera hvern dag sem Guð gefur okkur að vakna inn í trúuð manneskja með Jesú sér við hlið. Það er eina leiðin sem við höfum. Og hún virkar vilji maðurinn sjálfur að svo sé. Vinir! Manninum er gefið gríðarlegt vald og Drottinn reynir að kenna honum að fara rétt með sitt vald til uppbyggingar en ekki niðurbrots, sorta og myrkurs.

Hvað annað nema hans frjálsi vilji felldi manninn. Og eftir hverju öðru var Satan að falast þarna við skilningstré góðs og ills nema að komast yfir þennan frjálsa vilja mannsins sem hann vissi að hann hefði yfir að ráða og gæfi honum getu til að óhlýðnast Guði og heilögu Orði hans, jafnvel þótt val hans kæmi honum um koll? En hvað varðaði Satani um slíkt með alla sína illsku? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Enda eigingjarn og hugsar eingöngu um sig sjálfan og að koma gegn Guði sem varpaði honum út úr dýrarríkinu á himnum með óafturkræfan dóm á sér. Satan er í stríði við Guð.

Ekki gerist það fyrr heldur en í Kristi að maðurinn fær annað val og annað tækifæri til að endurheimta það sem fór forgörðum við skilningstré góðs og ills og við vitum að býr allt í Jesú, krossfestingunni og upprisu Drottins frá dauðum. Jafnvel þar og þrátt fyrir að hafa margsinnis heyrt þetta nafn Jesú nefnt í sín eyru þverskallast allt of margt fólk við og lítur undan með þóttasvip á andlitinu og hörku í hjartanu. En jafnvel það breytir ekki Kristi, Orðum hans né kærleika.

Já bræður og systur. Vinir. Maðurinn þarf að feta í fótspor Meistarans sem er hér og vill finna þig:

„ Hverjum þykist spámaðurinn vera að kenna visku og hvern ætlar hann að fræða með boðskap sínum? Erum vér nývandir af mjólkinni og nýteknir af brjóstunum? Alltaf að skipa og skipa, skipa og skipa skamma og skamma, skamma og skamma ýmist þetta, ýmist hitt. „ (Jes 28:9-10)

Endalausar aðfinnslur og skipanir og skammir um að sitja og standa eins og þessi eða hinn vill gengur ekki. Slíkt bendir ekki til frelsis á staðnum né að maðurinn fái að velja sjálfur það sem hann vill gera, sem þó er skýlaus vilji Drottins og það sem hann framgengur í og gerir gagnavart manningum alltaf og ævinlega. Hann er svo ákveðin í þessu frelsi mannsins, sem er gjöf frá honum sjálfum, að meira að segja gefur hann okkur sjálfstætt val um hvort við viljum fylgja Jesú og lifa eilíflega eða ganga áfram á Breiðstrætinu sem Biblían segir að liggi þráðbeint til glötunar. Trúid því bræður mínir og systur að margir vakna ekki á vegi glötunarinnar og enda á helsslóð með bundið fyrir augu alla sína ævi og neitandi öllu sem tilheyrir Guði á lífleiddinni uns alvaran blasti við blessuðu fólkinu og ekkert er hægt að gera og engu unt að breyta. Lífið er alvarlegt og það fylgir því mikil ábyrgð að tilheyra Guði. Ábyrgð mannsins fellst einkum í því að halda sér þétt upp við Jesú. Það sem Drottinn talar gildir. Engin stafkrókur Biblíunnar og lögmálsins fellur úr gildi. Aldrei. Allt slíkt er útilokað. Því fyrr sem Drottinn opinbera manningum þetta því betra fyrir manning sjálfan:

„ Já, mínar hugsanir eru ekki yðar hugsanir, og yðar vegir ekki mínir vegir segir Drottinn. Heldur svo miklu sem himinninn er hærri en jörðin, svo miklu hærri eru mínir vegir yðar vegum og mínar hugsanir yðar hugsunum. Því eins og regn og snjór fellur af himni ofan og hverfur eigi þangað aftur, fyrr en það hefir vökvað jörðina, gjört hana frjósama og gróandi og gefið sáðmanninum sæði og brauð þeim er eta, eins er því farið með mitt orð, það er útgengur af mínum munn: Það hverfur ekki aftur til mín við svo búid, eigi fyrr en það hefir framkvæmt það, sem mér vel líkar, og komið því til vegar, er ég fól því að framkvæma. Já, með gleði skuluð þér út fara, og í friði burt leiddir verða. Fjöll og hálsar skulu hefja upp fagnaðarsöng fyrir yður, og öll tré merkurinnar klappa lof í lófa. „ (Jes 55:8-12)

Vilji mannsins og hugsanir eru ekki hugsanir og vilji Guðs. Víst er um það. Þetta kallar aftur á hlýðni og að trúa Orðunum sem Biblían inniheldur og kennd eru í kirkjunni og heyrast yfir salinn í predikuninni. Allt framborið af fólki. En Guð hefur frá fyrstu tíð valið að fara svona að til að opinbera sig sjálfan. Drottinn elskar fólk, allt fólk, hvern sem er, og nýtur þess að vera innanum fólk.

Guð er þolinmóður og gæskuríkur Guð sem vill að maðurinn sé áfram frjálss og velji það sem honum sjálfum langar til að gera. Það sem Drottinn hins vegar gerir er að hann skuldbindur sig til að vera með stöðuga kennslu í gangi sem segir manningum hiklaust og ákveðið vilja Drottins. Og hann setur oft, kannski alltaf, í gang leiðréttingarbúnað þegar maðurinn vill ramba til að mynda á vit myrkurs, dimmu og sorta vegna allra tælinganna sem eru í heiminum og reyna endalaust að hafa áhrif á manning í gegnum hina og þessa freistingu sem rambar í veg fyrir hann og ekkert gott hlýst af falli menn fyrir henni. Og sæll er sá maður sem stenst freistingu. Guð er ekki glaður þegar mannsins er freistað. En hann leyfir manningum samt að gera eigin vilja. Líka þó honum sé það fullljóst að það kosti hann allskonar erfiðleika á síðari stigum. Syndaunaðurinn varir nefnilega aðeins í skamma stund og svo kemur uppskeran, jafn daunill og hún svo er. Bænin bjargar honum og Drottinn setur í gang áætlun sem verður þess valdandi að maðurinn kemst klakklaust framhá sinni freistingu án þess að biða af tjón. En hann verður af reynslunni ríkari er hann stendur andspænis sínu veika holdi en styrk andans í Drottni. Guð leiðir allt til góðs. Komist hann bara að.

Efinn er fylgifiskur mannsins

Hver efast um að Guð sé annað en góður sem á annað borð þekkir hann með réttum hætti og veit hvernig hann starfar? Ekki nokkur maður. Mennt dragast að kærleikanum sem Drottinn er svo ríkur af eftir að þeir einu sinni hafa fengið að bragða á honum og hans gegnumgangandi og skilyrðislausu elsku. Í Drottni finnur maðurinn huggun, uppörvun og hlýju.

Já, hver efast þegar Guð er annars vegar?

Eða getur verið að menn efast þrátt fyrir vitundina um Guð? Er slíkt mögulegt og gerlegt fyrir manninn. Sjálfan Guð, skapara himins og jarðar og gjafara allra góðra gjafa?

Hvort sem mönnum líkar það vel eða illa að þá kemur þessi staða einfaldlega mjög oft upp í hjarta mannsins og hann fer að efast (kannski ekki um Guð sem slíkan, þó það geti vel gerst) heldur getur efinn komið fram í nánast öllu sem viðkemur Drottni og því sem hann hefur áður talað og Biblían gefur okkur sem fyrirheiti. Að fylgja Drottni krefur manninn um endalaus trú og svo örlítið meiri af trú. Trúin gengur sigri hrósandi frá hverri viðureign. Öndvert við efan.

Með tímanum og þegar öll kurl komast til grafar er æði margt sem maðurinn hefur efast um á sinni trúargöngu. Flestir ná þó áttum á nýjan leik og endurheimta fyrri trú og gerast jafnvel styrkari eftir en áður. En þó ekki nema menn glími til sigurs. Sem ekki er sjálfgefið að gerist. Glíman sem efinn kallaði á krefur manninn, sem sé, einnig um trú. Alltaf trú. Allstaðar trú í öllu lífi fólks og hvar sem það er stadd og á hverjum tíma. Kristur kallar sjálfur eftir trú.

Efa sem ekki er unnið rétt með né heldur gert neitt í getur hæglega riðið trú manna að fullu. Sem er hörmulegur endir á kannski góðri byrjun. Of mikið er í húfi til að slíkt megi gerast. Þótt efinn birtist manninum í ýmsum myndum skildu menn þó reyna að forðast þetta skrímsli og varpa því frá sér undireins og það byrjar að veifa manninum og reyna að draga athygli hans að sér og frá lifandi Guði. Hér kemur til hjálpar hin skilyrðislaus trú samanvið haldgóða þekking mannsins á Orðinu. Orðið kennir honum hvernig á að afgreiða efan.

Trúargangan er stórkostleg ganga. Hinu er þó ekki að leyna að margt mætir manninum á þessum vegi sem hann verður að bregðast rétt við og kunna tókin á. Efinn er harður húsbóndi sem engum vægir:

„ Hver er slíkur Guð sem þú, sá er fyrirgefur leifum arfleifðar sinnar misgjörð þeirra og umber fráhrarf þeirra, sem eigi heldur fast við reiði sína eilíflega, heldur hefir unun af að vera miskunnsamur? Þú munt aftur miskunna oss, troða niður misgjörðir vorar. Já, þú munt varpa öllum syndum vorum í djúp hafsins. Þú munt auðsýna Jakob trúfesti og Abraham miskunnsemi, eins og þú sórst feðrum vorum forðum daga. „ (Míka 7:18-20)

Spurt var hér áðan hvort til sé í dæminu að kristinn maður eða kristinn kona hafi efast á sinni trúargöngu þegar í raun og veru réttara væri að spyrja hvort einn kristinn maður eða ein kristin kona hafi sloppið við að glíma við þessa ófreskju efa. Þótt tilefnið til að efast sé yfirleitt afskaplega fátæklegt getur efinn samt komið yfir mann og annan og skekkt alla hans mynd sem hann áður hafði á Guði og getu hans til að leysa mál sem tengjast manninum beint. Hér gerir vitnisburðurinn, sem segir frá lausninni sem fólkið fékk í Jesú, gríðarlegt gagn

Allt fólk fær sinn skammt af þessum óþvera sem heitir Efi þótt með misjöfnum hætti sé. Þetta gerist fyrir þær sakir að reynsla manna er misjöfn og sýn þeirra og væntingar til lífsins eru sömuleiðis misjafnar.

Mörg dæmi væri hægt að taka um aðstæður í lífi fólks sem bjuggu til efa í hjartanu. Efinn kemur ekki nema fyrst harðni á dalnum og þrengingar í einhverri mynd blasi við. Ekkert mál er að vera útúr trúuð og heilsteypt manneskja í Guði þegar allt leikur í lyndi og lífið eintóm hamingja og kátína, fjör og ferskleiki. Slagurinn byrjar ekki fyrr heldur en á móti blæs og hrikta fer í tilverunni og öldur lífsins stíga og hvolfast svo yfir fólk af fullum þunga. Þá breytist trúin furðu oft í hreina og klára vantrú og við kominn inn í kringumstæður sem hingað til hafa verið okkur erfiðar. Eins og til að mynda veikindi. Þá er átt við hvort við trúum því að Guð lækni. Fjárhagserfiðleika, hvort Guð mæti okkur þar. Vonbrigði, hvort Guð leysi manninn undan þeim. - Fleiri þætti má nefna sem mæta mannanna börnum og bjóða þeim upp á vonda, harða glímu við trúna, sjálfa/n sig og Guð? Allt tilfinningar sem geta verið erfitt fyrir manneskjuna að yfirstíga en allt fólk er með og virkjar með annaðhvort neikvæðum eða jákvæðum hætti. Jákvæðni þarna merkir að menn halda ró sinni þrátt fyrir máski erfiðar aðstæður. Efinn kemur af vantrú og svartsynni hugsun. Jákvæðni er sem sjá má betri fyrir manninn. Jákvæðnin ein og sér hleypir samt engum inn í Guðsríkið. Játunin ein við Jesú er vegabréfið þangað.

Á þessum stað, þegar kringumstæðurnar gerast harðari og óvægjari við okkur, er hættan ávallt sú að þessi andstyggilegi efi komi og dragi kjarkinn úr fólki. Kjarkleysi er mikill óvinur manna og verri heldur en margan grunar.

Til er sönn saga af manni sem veiktist mikið og þurfti að glíma árum saman við sjúkdóm sinn, sem hann að lokum beið í lægri hlut fyrir. Hann lét hafa þetta eftir sér: „Sjúkdómurinn sjálfur er ekki endilega það versta sem gerðist heldur hitt að ég hef misst kjarkinn. „ - þessi orð undirstrika hvað getur gerst þegar kjarkurinn fer. Með honum fer oft lífsviljinn og löngunin til að berjast áfram hverfur smá saman. Í kjarkleysinu lyppast menn niður og missa fyrst og fremst trúna á sig sjálfa. Og þeir byrja að telja sjálfum sér trú um að vera til einskis nýtir. Þetta er mörgum erfitt.

Efinn er upphafsreiturinn þarna sem með tímanum gerir fólkið hugdeigt. Allt svona er nefnilega ferli sem byrjar á einum stað og endar... Guð einn veit hvar endastöðin er. Er enda ekki nokkur lifandi leið fyrir neinn mann að spá neinu þar um. Efinn þarf sem sjá má skilyrðislaust að víkja frá hjarta mannsins. Enda plássfrekt aðskotadýr og til stöðugra trafala.

„ En ver samt hughraustur, Serúbabel segir Drottinn og ver hughraustur, Jósúa Jósadaksson æðsti prestur, og ver hughraustur, allur landslýður segir Drottinn og haldið áfram verkinu, því að ég er með yður segir Drottinn allsherjar samkvæmt heiti því, er ég gjörði við yður, þá er þér fóruð af Egyptalandi, og andi minn dvelur meðal yðar. Óttist ekki. „ (Hag 2:4-5)

Hvers vegna kemur þá efinn?

Í flestum tilvikum er það af þeim sökum að við sjáum ekki lengra en nef okkar nær og gleymum svo oft gæsku Guðs. Eina sem við vitum og sjáum með augum okkar er að buddan er að tæmast og að nokkrir dagar eru enn í að við fáum aftur úrborgað. Og spurningar fara að vakna hvernig við eigum að framfleyta okkur þangað til. Staðreyndirnar blasa við með þessum fáu krónum sem eftir eru í veskinu. Og þessar vangaveltur gefur efanum sitt tækifæri til að gera okkur niðurdreginn og þung. Efinn kemur ávallt gegn trú mannsins og er niðurdrepandi og einkar slítandi bastarður:

„ Því segi ég yður: Verið ekki áhyggjufullir um líf yðar, hvað þér eigið að eta eða drekka, né heldur um líkama yðar, hverju þér eigið að klæðast. Er lífið ekki meira en fæðan og líkaminn meira en klæðin? Lítið til fugla himinsins. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður og faðir yðar himneskur fæðir þá. Eruð þér ekki miklu fremri þeim? Og hver yðar getur með áhyggjum aukið einni spönn við aldur sinn? „ (Matt 6:25-27)

Drottinn kemur inn í slíkar kringumstæður og bendir mönnum á staðreyndir. Á fugla loftsins, að dæmi sé tekið. Við vitum, vegna þess að oft höfum við séð það, að fuglarnir fá sína fæðu og dafna

og koma sprækir og fjörugir undan vetrinum, sem máski var harður og erfiður, snjóþungur og miskunnarlaus. Samt lifðu þeir veturinn af og urpu eggjum um vorið eins og árin á undan. Og hvernig fóru þeir svo að? Jú, Drottinn sagðist annast um þá og gefa þeim fæðu sína á réttum tíma. Og líka gerði það. Hann sér um allt svona. Ekkert er upp á hann að klaga. Manninum hins vegar skortir svo oft trú. Og þá vill þessi ódámur efi koma upp.

Maðurinn sjálfur hleypir að eigin efa með hugarfari sínu og hefur þá gleymt fyrirheitunum sem Drottinn gaf. Eins og til dæmis þessum sem við vorum rétt áðan að lesa í Mattuesarguðspjalli. Og segir hann ekki í Orði sínu og vér séum meira virði fyrir honum en fuglarnir?

En viljum við þetta og trúum við þessu þegar á hólminn er komið? Viljum við vera í samfélagi Drottins og leyfa honum að leiðbeina okkur og ganga í fararbroddi með sitt ljós? Það er spurning sem hver og einn verður að svara fyrir sig. En þetta er leiðin og Drottinn mun sjá um allt sem snýr að manninum. Og hvernig sem öllum efa líður og hvort hann yfir höfuð lætur á sér bæra í hjartatetrinu er Jesú hinn sami og Biblían segir hann vera.

„ Vér höfum mikinn prest yfir húsi Guðs. Látum oss því ganga fram fyrir Guð með einlægum hjörtum, í öruggu trúartrausti, með hjörtum, sem hreinsuð hafa verið og eru laus við meðvitund um synd, og með líkómum, sem laugaðir hafa verið í hreinu vatni. Höldum fast við játningu vonar vorrar án þess að hvika, því að trú er sá, sem fyrirheitið hefur gefið. „ (Heb 10:21-23)

Þegar höfundur hóf að starfa á akrinum árið líklega 1999 eða 2000 var oft þunnt í buddunni og hún á tímabili afskaplega létt og reyndar svo létt að hann var yfirleitt ekki með veskið á sér. Enda tómt og tók bara pláss í jakkavasanum. Á þessum tíma var einnig oft fátæklegt um að litast í ísskápnum og kom stundum einungis ljósið þegar hurðinni þeirri arna var lokið upp. Ekki vissi hann alltaf um hvort matur yrði til reiðu þann daginn eða hinn en samt slepti hann aldrei úr máltíð þessa 18.mánuði sem blankatímabilið hans varði. Guð sá um allt.

Eitt sinn er hann var á gangi á ísköldum vetradegi í janúar mætir honum þessi líka spriklandi fjörugur og feitur þróstur sem söng svo fallega og hátt og flaug upp í næsta tré og tyllti sér þar á grein. Þá komu þessi orð til hans eitthvað á þessa leið:

„ Þú sérð þróstinn þarna, hversu feitur, sællegur og ferskur hann er. Úr því að ég fæði hann mun ég líka fæða þig. „ - og það gerðist.

En hversu oft kviknaði ekki efi á þessum mánuðum. Hversu oft velti hann því ekki fyrir sér í fullri alvöru hvort Guð hafi virkilega talað er hann ákvað að stíga skrefið inn á akur Guðs og hefja þar störf. Hið eina sem hélt honum kyrrum þarna var fullvissa og sannfæring sem greipt var í hjarta hans. Þetta samanlagt veitti honum stuðning er glíman varð hvað hörðust og erfiðust. Það var aldrei nein leið til baka. Sama fullvissa er ennþá greipt í hjarta hans og hefur aldrei farið neitt. Guði sé lof fyrir það.

Á þessum tíma var kirkjan uppfull af velmegunarboðskap sem hún predikaði yfir söfnuðunum þar sem helst engin maður gat verið blessaður af Guði nema sá einn sem ætti til peninga og helst væði í peningum. Og hvað átti svo hann, þessi þarna trúboði með sína ákvörðun að halda? Blankur, oft fullur efa, einn, og að mestu afskiptur? Já, hvað átti hann að halda?

Og hvað var þá eftir? Lykillinn. Ekki gleyma honum. Hann stóð eftir og birtist honum í trú hans þegar öllu var á botninn hvolft. Með lyklinum þeim arna og heitir trú var hægt að opna ýmsar hirslur hjá Drottini og finna viðeigandi ritningarvers sem hughreystu og hvöttu hann áfram og til nýrra sigra í Jesú. Já þetta gerðist þótt oft hafi hann þurft að glíma við efa. En þá má ekki gleyma hinu að ljósið

við enda gangana var honum ávallt sýnilegt og þangað stefndi hann. Og á endanum þá komst hann út undir bert loft þar sem ferskur andblærinn tók við honum í öllu sínu veldi.

Trúin, bræður og systur, hún er aflið sem að lokum sigrar. Trúin. Hún hélt í honum lífinu og gaf nauðsýnlegt þrek og þor til að taka næsta skref. Guðsvitundin beið ekki hnekki þótt oft væri efast og ýmsar glímur háðar.

Þó skal sagt frá því, og er honum ljúft að gera, að stundum, ekki oft, komu bræður færandi hendi á þessu blanka tímabili og Drottinn bænheyrði hann með þessum yndislega hætti og raunverulega sagði:

„ Öllu er óhætt. Þig mun ekkert skorta. „ Takk Jesú.

Velmegunarboðskapurinn í kirkjunni sem iðkaður var á tímabili - (og var mishávær innan safnaðanna og kannski meira sýnilegur víða erlendis en hér heima, en hafði samt sín áhrif á Íslandi, engin neitar því) - hætti raunverulega ekki fyrr heldur en með hruni bankanna 2008 er hnignunin á peningamörkuðum hér heima og heimsins alls urðu mönnum ljós og menn sáu með eigin augum hversu fallvölt þessi peningakerfi eru og lítt traustvekjandi:

„ Betri er fátækur maður, sem framgengur í ráðvendni sinni, heldur en sá, sem beitir undirferli og er þó ríkur. Sá sem varðveitir lögmálið, er hygginn sonur, en sá sem leggur lag sitt við óhófsmenn, gjörir föður sínum smán. Sá sem eykur auð sinn með fjárleigu og okri, safnar honum handa þeim, sem líknsamur er við fátæka. „ (Orðsk 28:6-8)

Efinn er engin leikur. Eina sem fær rekið efann út er trú. Men sjá aðeins það sem er að gerast í kringum sig og geta raunverulega ekki horft á neitt nema núíð. Augnablikið. En þá kemur líka trúin og færir út tjaldhælana og sýn mannsins, ef svo má að orði komast, fær virkjað trú hans og eft hana og lífið fær aukið vægi með takmarki sem maðurinn keppist við að ná. Og til að svo megi fara er ekkert rúm fyrir efa. Efinn dregur úr trúnni og minnkar getu mannsins til að færast nær hjarta Drottins, eins og honum þó er uppálagt að gera og trúin hvetur hann til.

Við sjáum að trúin og traustið á hinn upprisna Jesú rekur burt efann og við lærum smá saman og oftast að leita til hans sem sér, veit og getur framkvæmt. Með tímanum verður hann svo þessi klettur sem við förum til og leitum skjóls hjá og í.

Allt sem maðurinn þarfnast finnur hann í ritningunum. Efi minn rýrir ekki gildi Orðs Guðs. Efi minn breytir ekki Jesú né heldur áætlunum hans með kirkjuna. Orð Jesú gilda þrátt fyrir afstöðu mína og glímu, efa og tortryggni um kannski mátt og getu Guðs. Mitt hins vegar er að færa mig af mínum stað og yfir til Orðsins sem hefur lausnina handa mér. Um þetta atriði erum við sammála. Ekki satt?

Trú bræður og systur er allt heila málið. Trúin allt til enda og himnaríki blasir við manninum opið og fagurt.

Hver er þá vandinn? Hjarta mannsins. Þar liggur vandinn. Þar er rótin sem efinn þrífst á. Hjartað og afstaða hjartans er stóra vandamálið. Það fær manninn til að láta sér vaxa í augum ýmislegt sem er framundan. Ástæða efans er að maðurinn hefur hleypt holdi sínu að og flúið þangað sem allar þessar tilfinningar eru sem draga úr honum kjarkinn og gerir mýflugu úr úlfalda og litla steinvölu að risastóru ókleifu fjalli sem engin kemst yfir nema fuglinn fljúgandi. Og svart ský af efa hvolfist yfir. Allir menn þekkja þetta því að allt fólk hefur hold og allir menn lenda í harðvítugri glímu við sig sjálfa og sjá ekki út úr þessu.

En verum róleg. Drottinn þekkir aðstæður mannsins og veit hverjar þær eru á hverjum tíma:

„ Vakið og biðjið, að þér fallið ekki í freistni. Andinn er reiðubúinn, en holdið veikt. „ (Mark 14:38)

Hér erum við kominn með ákveðinn lausn inn í málið. Eða kannski frekar lykil. Þessi lykill, eins og aðrir lykjar, gengur að ákveðinni skrá sem öndvert gerir okkur kleyft að ljúka upp tilteknum dyrum og komast inn fyrir. Og hvað blasir þá við? Allt sem er Guðs og fyrst og fremst Orðið hans. Í Orðinu er öll lausn fyrir manninn.

Ritningaversin í Markúsarguðspjalli tala um hold og anda. Hvortveggja er í manninum. Nái til að mynda efinn tökum byrjar hann að stýra og stjórna og maðurinn staddur í holdi sínu. Nái bænin yfirtökunum og ákallið til Drottins á stund erfiðleikanna hefur maðurinn sigrað sitt eigið hold og er aftur kominn yfir í anda sinn sem gefinn var og Drottinn sagðist senda til jarðarinnar sem sinn huggara og við vitum að er Heilagur Andi. Andi Guðs býr í hjarta hvernar endurfæddrar manneskju og er með henni. Andinn heilagi þekkir hugrenningar og hyggju hjartans. Andi Guðs er ekki þarna bara að gamni sínu heldur til að liðsinna fólki og vísa því veginn þegar tilfinningar, eins og efi, tortryggni, eða hvað þetta allt heitir, hefur læðst að og náð athygli mannsins. Heilagur Andi hefur hlutverki að gegna sem hann vill fá að nota til heilla og blessunar. Andi Guðs er og starfsfús:

„ Ég mun biðja föðurinn, og hann mun gefa yður annan hjálpara, að hann sé hjá yður að eilífu, anda sannleikans, sem heimurinn getur ekki tekið á móti, því hann sér hann ekki né þekkir. Þér þekkið hann, því hann er hjá yður og verður í yður. Ekki mun ég skilja yður eftir munaðarlausa. Ég kem til yðar. „ (Jóh 14:16-18)

Segir Kristur hér. Vöxum nú í trúnni og tökum efann engum vettlingatökum framvegis heldur köstum honum út og segjum: „ Farvel Frans. „ Þetta er vel framkvæmanlegt í Kristi. Alltaf í Kristi.

Guð blessi þig lesandi góður og sjómaður.

Amen.

Metnaður mannsins.

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Ýmislegt blundar í manninum og er sumt í honum að fullu vaknað. Bæði gott og illt. Þetta veit allt fólk. Eitt af því sem fylgir fólki er metnaðurinn. Allir menn hafa metnað í einni og annarri mynd. Metnaður manna getur bæði verið jákvæður og líka neikvæður. Sé metnaðurinn eigingjarn og bundinn af " ég og mitt " - þælingum er hann neikvæður. Þið vitið! Frægur, virtur af fólki og allt saman það.

Jákvæður metnaður er þegar hann miðar við Jesú og það sem Jesú vill. Sjáum við mun þarna?

Maðurinn mælir fram það sem í hjarta hans býr og gerir það sem þar hefur um sig hreiðrað og verið nært og hlúð að. „ Ég og mitt „ hugsunin býr í hjarta mannsins. Hristi hann þetta ekki af sér verður metnaður hans áfram neikvæður.

Jesú opnar augu mannsins fyrir þörfum annarra enu síður en sínum eigin þörfum. Slíkt býr til jákvæðan metnað og lífið verður skemmtilegra að lifa því.

Að verri fullur af sjálfum sér er engum manni hollt. Hve margir eru ekki á þessum stað allt sitt líf og jafnvel trúað kristið fólk?

Víst þarf að vera eðlilegur metnaður í manninum. Metnaðurinn á vissan hátt drífur manninn áfram og út í ýmiskonar verk sem áfram yrðu ógerð nema til komi metnaður, bæði til að standa sig og gera verk svo sómi sé að.

Metnaðurinn fær manninn til að vanda sig. Þótt vandvirknin sé vissulega af hinu góða og dásamlegt þegar menn leggja hart að sér til að árangur sé góður, getur tilgangur og markmið samt verið neikvætt og ekki gert manninum neitt gott, þegar upp er staðið.

Við töluðum áðan um frægð og frama. Hve margt fólk hefur ekki einmitt farið illa út úr frægðinni og farið með líf sitt inn í tómar hörmungar og endalausar vandræðagangar.

Að koma sér þangað byggði á metnaði en ekki jákvæðum metnaði heldur neikvæðum metnaði sem maðurinn höndlaði svo ekki og réð ekki við en sótti svo stíft í. Ekki veit maðurinn nefnilega alltaf að hverju hann stefnir. Að staðurinn sem glóði svo á úr fjarlægð var raunverulega fullur af óhreinindum, sora, skít og Gróu á Leiti. Umfjöllunin sem hann svolgraði í sig og kveikti hjá honum metnað til að ná þangað sagði honum aldrei allan sannleikann. Hinn hliðinni á peningnum var aldrei nefnd né hirt um að skoða hana. Svo kom metnaðurinn og draumurinn um frægð og frama.

Þegar ástandið er svona og enn haldið áfram á sömu braut hefur metnaðurinn og allt hið neikvæða leitt manninn afleiðis.

Metnaði manna, jafn mikilvægur og hann er, gleymum því ekki, þarf að stjórna og stýra til að hann verði til farsældar og gott hljótist af. Sé metnaði manna stýrt með skynsemi og í heiðarleika er það metnaður til góðs og gerði manninn að betri manni en ekki að verri manni með dilk á eftir sér sem þó hefði mátt hindra frá fyrstu tíð í að þurfa að drattast neitt með inn í framtíðinni. Eilítil stefnubreyting frá settu striki gerir gæfumuninn og sker úr um líf í hörmungum eða friðsæld og velfarnaði. En þessi leið er ekki alltaf farinn og metnaðurinn nær þá að keyra manninn áfram og binda í þvergirðingslegt stolt og hann uppskar í samræmi við þrjúskuna vanblessun. Allt vegna þess að hjartað geymdi rangar og afvegaleiðandi upplýsingar sem sameiginlega höfðuðu til holds mannsins en ekki þess sem er Drottins. Eins og alltaf þá sker þetta úr um blessun eða vanblessun. Hvort viljum við?

Til er andi blekkingar og andi sannleikans.

Hér er eyðandi afl sem heitir Satan. Hvar sem Satan fer um er dauðinn með honum í för. Þetta tvennt helst algerlega í hendur.

Það er alvöru mál að vera manneskja í þessum heimi:

„ Auðveldara er úlfalda að fara gegnum nálarauga en auðmanni að komast inn í Guðs ríki. En þeir urðu steini lostnir og sögðu sín á milli: Hver getur þá orðið hólpinn? Jesús horfði á þá og sagði: Fyrir mönnum eru engin ráð til þessa, en fyrir Guði. Guð megnar allt. „ (Mark 10:25-27)

Mennirnir sem með Jesú voru urðu agndofa og gersamlega orðlausir yfir því sem hann talaði og spurðu í sinni forundrun hver eiginlega gæti orðið hólpinn. Frami fyrir þeim reis ókleift fjall. Á örlitlu hneyksli örlar vegna Orða Jesú.

Jesú gefur þeim svar og segir berlega að slíkt sé algerlega útilokað í eigin mætti mannsins. En bætir við að Guð hafi ráð og færa leið. Jesús útilokar þarna alla aðra sem jafngilda Guði Föður og

undirstrikar að allt vald sé hjá Drottni. Alveg er sama hvernig við veltum þessum málum fyrir okkur. Nafn Jesú kemur ávallt upp sem lausn fyrir manninn.

Í ritningartextanum sjáum við skírt að ekkert sem maðurinn gerir gefur honum sjálfkrafa aðgangsmiða inn í ríkið sem Biblían talar um sem ríki Guðs. Allt er á valdi Drottins og einvörðungu mögulegt fyrir náð hans og miskunn.

Þetta er mikilvægur punktur sem allir skildu greypa í sitt hjarta og er best gert með þeirri aðferð að trú á Jesú og elska allt sem er Guðs. Hér má nefna samfélagið, sem er fyrir okkur og gefur okkur sitt skjól og athvarf og nauðsýnlega uppbyggingu og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.

Allt svona er æ erfiðara vegna illskunnar í heiminum sem stig magnast á meðal mannanna vegna stanslausrar eftirgjafar við ýmis kristinn gildi sem heimurinn veitir ekki athygli, sér ekkert við og getur heldur ekki vegna anda heimsins sem ræður og ríkir og slær fólkið sinni blindu og er helsta ástæða þess að vilji Guðs kemst ekki að. Fólkið í sinni vantrú sér ekki Guð. Heimurinn í blindni sinni lætur því slag standa og ýtir hinu góða út og býr til rými fyrir hið illa sem hoppar upp af kæti og kemur sér fyrir í lausu rýminu og hreiðrar þar um sig til langframa. Trúið því! Þetta afl viku ekki fyrir neinum nema Kristi einum.

Þannig er þetta vinir. Vantrúin leikur lífið grát og er háskalegt og afvegaleiðandi afl.

Val til góðs. Val til ills. Allt á mannsins valdi. Gerum okkur ljóst að rýmið sem þannig verður til er ekki lengi tóm. Innan tíðar mun það fyllast. En trúlega ekki af Guði sem fólkið nýverið svældi út, ef svo má segja. Hér tölum við um andleg mál og ósýnileg berum augum fólks sem Andi Guðs einn fær opinberað. Og maðurinn áttar sig á mikilvægi verndar Drottins.

Illska Satans ræður meira en flestir menn gera sér grein fyrir. Væri ekki svo má stórlega draga í efa að til væru samtök sem kenna og boða vantrú. Innan harla skamms tíma er kominn þangað íbúi eða heill herskari sem engin vildi hjá sér hafa en réði engu um úr því sem komið var og eftir að búið að rífa niður allar varnir og fjarlægja burt af svæðinu. Hreinsunin sem menn töldu sig vera að gera með úthýsingu kristlega starfsins hvort sem er úr skólastofunni eða annarsstaðar í samfélaginu fékk annan og verri íbúa í staðin og beintengdan við sjálfan Satan:

„ Þá segir hann: (Illí andinn. Innskot höfundar) Ég vil hverfa aftur í hús mitt, þaðan sem ég fór. Og er hann kemur og finnur það tóm, sópað og prýtt, fer hann og tekur með sér sjö aðra anda sér verri, og þeir fara inn og setjast þar að, og verður svo hlutur þess manns verri eftir en áður. Eins mun fara fyrir þessari vondu kynslóð. „ (Matt 12:44-45) Af hverju sjö anda sér verri? Til að tryggja sig betur í sessi sækir andinn sér lífsstyrk og veit hverja skal velja. Þessir andar kunna að verja sig og nota ævinlega sömu aðferð. Stórfelldar og endalausar lygar. Þetta kunna þeir og nota líka óspart. Og hafa því miður árangur sem erfiði sem svo birtist í samfélaginu í auknu ofbeldi og harðneskju í mannlegum samskiptum.

Að hafa metnað er í lagi með. Metnaðurinn er í raun mikilvægur þáttur í lífi fólks. Metnaðurinn hvetur manninn á margan hátt. Munum samt að metnaður manns er eitt en annað að gera það sem er manni sjálfum gott. Hve oft hefur metnaðurinn byggður á röngum forsendum leitt inn illa anda í líf mannsins? Illir andar geta vissulega gert margt en þeir eru samt alltaf blekkjandi með aðeins eitt markmið að stela, slátra og eyða. Alltaf sama markmiðið. Höfum og hugfast að í þessu eru þeir vel agaðir og markvissir og vilja helst engin vindhögg slá og gera heldur ekki ótilneyddir. Í Kristi koma þessi vindhögg að öðrum kosti ekki. Þeir eru þaulsætnir og merkja sér menn og líma sig með sterku lími fasta við þá. Og fá haldið sér þar með stöðugum lygum og sjónhverfingum margskonar. Og stundum dvelja þeir í skjóli frægðar og frama manns sem lét drauma réttara sagt neikvæðan metnað hans rætast en reyndist vera maðketin glasmynd.

Á toppnum, efst á sjálfum glimmernum, er allt morandi í áfengi, kynlífi fíkniefnum og ólífnaði. Metnaður mannsins þarf sitt taumhald og að beina hjartanu rétta átt er og mikilvægt. Aftur bendum við á Krist.

Manninum var rænt frá Drottni við skilningstré góðs og ills. En eftir að krossinn var lagður yfir gjá dauðans og myrkurs getur Drottinn sótt það sem frá honum var rænt og frelsað og gefið eilíft líf með sér. Þegar Kristur kemur á svæðið og tekur sitt til sín getur illi andinn ekki annað en slegið sín vindhögg. Og megi vindhögginn verða sem flest, skoðað í þessu ljósi.

Sé metnaður mannsins þarna sjáum við að hann er jákvæður og að öllu leiti gagnlegur. En sjáum við muninn?

Maðurinn girnist og í hjarta hans er margt sem hann hefur sjálfur komið þar fyrir fóðrað og lagt alúð og fulla ræktarsemi við.

„ Hvað er í hjartanu „ - Að þessu þarf maðurinn sífellt að spyrja sig sem vill vera á verði og eiga heilbrigða trú. Ekki til að dæma sig heldur lifa í sannleikanum með sig sjálfa/n

Verkin hér og nú er hið mikilvæga í málinu.

Allt sem við gerum á alltaf upptök sín í höfðinu og birtist okkur sem hugsun. Þar kviknar hugmyndin sem við annað hvort vinnum meira með eða vörpum út aftur. Hugsunin er upphafsreiturn og hugsunina getum við unnið með svo lengi sem við sjálf viljum. Þetta vill segja við okkur að engin þarf raunverulega að framkvæma vanhugsað verk. Óþolinmæði og synd breytir oft myndinni og birtist svo í því sem við gerum. Metnaður mannsins var vissulega til staðar en rangt fóðraður og kom fram á neikvæðan hátt og varð til tjóns.

Lífið hefur á sér margbreytilegar myndir og ýmislegt rekur á fjörur mannsins sem vekur honum bæði forvitni og sinn áhuga. Sumt sem hann sér kveikir með honum girnd og fýsn (hvorutveggja vondar tilfinningar sem maðurinn þarf að sigrast á sem skjótast) og hann er kominn í harða baráttu við sig sjálfan um eitthvað sem skömmu áður var honum fjarlæggt og hann leiddi ekki hugann að en stendur nú andspænis í sínu návígi og er einn og óvarinn. Sé trúin á Jesú ekki til staðar í hjartanu hefur maðurinn engar varnir. Og hvað getur hann þá annað en orðið freistingunni að bráð í sínu veika holdi sem ekkert gagnast honum á slíkum augnablikum? Til að fá gripið til trúarinnar á ögurstundum eigin lífs er ljóst að hún þarf þá að vera til staðar og dvelja í hjarta mannsins. Þá fyrst fær hún forðað honum frá sinni freistingu og mörgum harmkvælum, með sínum sæta sigri. Svona talar Biblían.

Maðurinn þarf að skoða sig sjálfan. Sé heiðarleikinn alsráðandi fæst heiðarleg niðurstaða og menn ganga vissir inn í daginn. Allt líf mannsins verður að byggja á þessu nafni Jesú.

Samt er ekki nóg að vita og gera heiðarlega skoðun ef menn ætla sér svo ekkert með þetta og sætta sig áfram við að hjakka í sama fari. Svo skilur fólk ekki neitt í neinu hví allt er við sama og að ekkert breytist. Sem fólkið sannarlega þráir og vill að gerist í sínu lífi en getur ekki gerst. Til þess þarf nefnilega að stíga skref. Oft kallað trúarskref.

Stundum sér blessað fólkið ekki sinn eina og raunverulega óvin. Sér ekki sig sjálft og sína endalausú mótstöðu gegn hverskyns nauðsýnlegum breytingum og þær því útilokaðar. Oft, og kannski oftast nær, er maðurinn sjálfur, einstaklingurinn, sinn eigin og verstí, og kannski eini óvinur. Hver skilur mannshjartað? Kristur einn fær sigrað og skilið hjarta mannsins. Hann jú skóp það. Sem og er ástæðan fyrir að við bendum ávallt á hann.

Bræður og systur! Við þörfnumst leiðsagnar Jesú og að gefast honum fullkomlega.

Ef við framkvæmum ekki fengna niðurstöðu hefur vinnan sem liggur til grundvallar breyst í tóma tímaeyðslu. En Drottinn vill að við verjum tíma okkar vel og til þarflegra og góðra verka til heilla kirkju hans á jörðinni. Það öndvert fæðir af sér margt nytsamlegt fyrir samfélagið sem við lifum og búum í. Í þessu ætti metnaður mannsins fyrst og fremst að liggja en ekki einvörðungu í því sem að honum sjálfum snýr. Eins og hættan er ævinlega á. Egóíð í hverri manneskju er máttugt. Já, líka mér uggi ég ekki að mér.

Kristur mætir þessu eins og öðru í lífinu:

„ Þeir komu til Kapernaum. Þegar hann var kominn inn, spurði hann þá: Hvað voruð þér að ræða á leiðinni? En þeir þögðu. Þeir höfðu verið að ræða það sín á milli á leiðinni, hver væri mestur. Hann settist niður, kallaði á þá tólf og sagði við þá: Hver sem vill vera fremstur, sé síðastur allra og þjónn allra. „ (Mark 9:33-35)

Þrátt fyrir að mennirnir velji að svara spurningu hans ekki og þegi þunnu hljóði og máski svolítið niðurlútir kemur Kristur samt að málinu og segir þessum mönnum hvernig skuli gera þetta. Hann veit hvað í hjarta mannsins bærast og þekkir hugsanir þeirra. Hann er jú bæði Guð og maður í einum og sama líkama, sem útaf fyrir sig er afskaplega merkileg hugsun. Svar hans og kennsla var ekki alveg það sem þeir sjálfir voru að íhuga en samt skír vilji Guðs.

Þjónn allra, síðastur allra. Hvað merkir þetta? Velþóknanlegur í augum Guðs og mikla vinnu. Það er merkingin. Endalaus vinna og fúsleiki mannsins til verka og að standa sig á akrinum og fyrir augliti lifandi Guðs. Ekki til að þóknast mönnum né gera vilja manna heldur Drottins. Sem fyrr er hann málið fyrir kristinn einstakling. Mig og þig. Eitthvað í manninum fæðist með endurfæðingunni sem knýr hann til verka og slíkra hugsanna. Suma reyndar meira en aðra. En náðin breytist ekki né heldur elska Guðs sem er og verður áfram 100%. Menn mega ekki gleyma því að þeir eru ristir í lófa Drottins.

Síðastur allra merkir að sá sem vill vera fremstur á meðal bræðra sinna mætir fyrstur og gerir það sem þarf og hverfur síðastur af vettvangi, þegar frá öllu hefur verið gengið á nýjan leik og öllum hefur verið þjónað og sinnt sem vilja fá þjónustu eins og kirkjunni er uppálagt og er skír vilji Guðs. Síðastur allra. Endalaus vinna og viðbótarhandtak ofan á það sem þegar hefur verið gert sé þess þörf. Oft vanþakklátt. En fólkið heldur verkinu áfram án þess kannski að vera svo mjög að horfa í það. Hjartað er tengt Kristi og Drottinn vill að maðurinn starfi á sínum akri. Þetta er það sem Kristur er raunveruleg að segja þessum ágætu mönnum sem fóru að spyrjast á um það sín á milli hver þeirra væri mestur. Allra þjónn alltaf. Erum við tilbúinn í þetta?

Við sjáum að allir erum vér ónýtir þjónar sem höfum gert það eitt sem oss er skylt að gjöra og ekkert umfram það. Nema ef vera skyldi í einhverjum örfáum undantekningar- og eða neyðartilvikum:

„ Þá sagði Pétur við hann: Vér yfirgáfum allt og fylgdum þér. Hvað munum vér hljóta? Jesús sagði við þá: Sannlega segi ég yður: Þegar allt er orðið endurfætt og Mannssonurinn situr í dýrðarhásæti sínu, munuð þér, sem fylgið mér, einnig sitja í tólf hásætum og dæma tólf ættkvíslir Ísraels. Og hver sem hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, föður eða móður, börn eða akra sakir nafns míns, mun fá margfalt aftur og öðlast eilíft líf. „ (Matt 19:27-29) -

Pétur ber upp spurningu. Og hvað er Drottinn að tala um annað en beina vinnu á akri Guðs, án þess þó að um beina skipun frá honum sé að ræða? Sem er mikilvægt að menn hugleiði og geri sér fulla grein fyrir og misskilji ekki. Maðurinn er og verður áfram frjáls til að velja og hafna. En samt má hvetja menn þarna vegna blessananna sem því er samfara að starfa á þessum athyglisverða akri Guðs. Kristur er ekki að tala um að mála vegg heldur um fólk sem þarf að frelsast og losna frá byrðum syndarinnar. Og þetta fólk er allt á þessum margumtalaða akri Guðs.

Þjónn allra og ávallt tilbúinn til að leggja fólki lið og gefa því af tíma sínum sama hvernig á stendur hjá manningum sjálfum. Allt eigið lagt til hliðar fyrir þjónustuna við Guð. Maður sem vill vera mestur, og hér er vitaskuld átt við í lærisveinahópnum, lætur þjónustu sína koma strax á eftir elskunni til Drottins og er reiðubúin hvenær sem á þarf að halda. Allt í kærleika og elsku Krists. Þannig, að sögn Krists sjálfs, verður hann mestur á meðal bræðranna og hefur hvatt sig sjálfan og þá með réttum hætti og beint eigin metnaði inn á braut sem Kristur sjálfur er með og vill sjá menn fara. Hvað var Kristur sjálfur annað en allra þjónn sem fyrstur kom á staðin og síðastur fór af vettvangi og eftir að allir á staðnum höfðu fengið það frá honum sem ætlast var til. Og gaf Kristur okkur ekki eftir fyrirmynd sem við getum farið eftir og fylgt?

„ Og þeir neyttu allir og urðu mettir. Þeir tóku saman brauðbitana, er fylltu tólf körfur, svo og fiskleifarnar. En þeir, sem brauðanna neyttu, voru fimm þúsund karlmenn. Tafarlaust knúði hann lærisveina sína að fara í bátinn og halda á undan yfir til Betsáíðu, meðan hann sendi fólkið brott. Og þá er hann hafði kvatt það, fór hann til fjalls að biðjast fyrir. „ (Mark 6:42-46) -

Kristur varð eftir innan um allan þennan hóp manna og kvenna eftir að hafa sent lærisveinanna tafarlaust brott. Kannski var í þeim ólund, kannski uppgjafartónn, kannski mæða, kannski leti vegna alls hópsins sem þurfti að sinna og hlúa að, kannski þreyta, kannski mögl og önnur holdsins verk. Ekkert smámál hefur enda verið að þjóna þessum stóra hóp af fólki, sé bara matargjöfin og afgangurinn dregin fram, sem sagan segir að hafi fyllt tólf körfur en öllu öðru sleppt. Fróðir segja að allur hópurinn, með konum og börnum, hafi talið 13- 15000 manns. Á þessum tíma voru í landi Gyðinganna einungis karlmenn taldir og hafa menn getið sér til að þarna hafi líka verið eiginkonur og börn í fylgd foreldra sinna. Sé málið skoðað í þessu ljósi er talan ekki fráleit. Alveg er ljóst að hópurinn var stór og fáir, eða 12 manneskjur, til að sinna honum og mikið á þeim mætt sem til staðar voru.

Ekkert kemur fram um raunverulega ástæðu að baki ákvörðunar Krists um að senda sitt fólk tafarlaust af stað og áður en allir höfðu yfirgefið svæðið og sjá sjálfur og einsamall um að sinna öllum þessum grúa. Sem ekki hefur verið neitt lítið mál fyrir Krist að gera. Og trúid því að Kristur hefur sinnt öllum sem vildu og gefið þeim allan þann tíma sem þurfti. Að betur athuguðu máli bendir margt til þess að eitthvað hafi komið upp í lærisveinahópnum sem Kristur var ekki par ánægður með.

Fram kemur að þegar síðasti maður var farinn hafi hann farið upp á fjallið til að biðjast þar fyrir. Kannski var bæn hans meira og minna tengd lærisveinahópnum.

Kurrinn sem oft heyrir innan raða kirkjunnar í dag og hver á að gera hvað og hversvegna endilega “ ÉG. “ Alltaf “ ÉG. „ Endalaust „ ÉG. „ - er engin nýlunda. Munum að sjálfur Kristu varð að glíma við margskonar mótþróa og eflaust og reyndar örugglega líka innan sinna eigin raða. Þetta má fullyrða vegna þess að mannhjartað er samt við sig og menn mæðast og móðgast og hlaupa í fýlu og verða vondir hvorir út í aðra og talast ekki við af minnstu ástæðu. Það hefur ekkert breyst. Þetta segir okkur og undirstrikar að maðurinn þarfnast Jesú og mikið af Jesú.

Hversu oft höfum við ekki getað þakkað fyrir að Kristur er þolinmóður, gæskuríkur og hefur í frami náð og miskunn manningum til handa? Elska Guðs er hærri, víðari og breiðari en allt annað. Jesú einn er verður.

Amen.